

Stjórn og nefndir KSÍ

Stjórn

Geir Þorsteinsson	Formaður
Halldór B. Jónsson	Varaformaður
Lúðvík S. Georgsson	Varaformaður
Guðrún Inga Sívertsen	Gjaldkeri
Jón Gunnlaugsson	Ritari
Ástráður Gunnarsson	
Ingibjörg Hinriksdóttir	
Stefán Geir Þórisson	
Vignir Már Þormóðsson	

Varastjórn

Jóhannes Ólafsson
Kjartan Daníelsson
Þórarinn Gunnarsson

Landshlutafulltrúar

Guðmundur Ingvason	Austurland
Einar Friðbjófsen	Suðurland
Jakob Skúlason	Vesturland
Björn Friðbjófsen	Norðurland

Framkvæmdastjórn

Geir Þorsteinsson	Formaður
Guðrún Inga Sívertsen	
Halldór B. Jónsson	
Jón Gunnlaugsson	
Lúðvík S. Georgsson	

Rekstrarstjórn Laugardalsvallar

Geir Þorsteinsson	Formaður
Guðrún Inga Sívertsen	
Ómar Einarsson	
Reynir Ragnarsson	
Þórir Hákonarson	

Dómaranefnd

Þórarinn Gunnarsson	Formaður
Eyjólfur Ólafsson	
Eysteinn Guðmundsson	
Ingi Jónsson	
Kári Gunnlaugsson	
Sigurður Hannesson	
Vignir Már Þormóðsson	

Fjárhagsnefnd

Guðrún Inga Sívertsen	Formaður
Eggert Steingrímsson	
Pálmi Jónsson	
Þórir Hákonarson	

Fræðslunefnd

Ingibjörg Hinriksdóttir	Formaður
Ástráður Gunnarsson	
Guðni Kjartansson	
Kjartan Daníelsson	
Sigurður Þórir Þorsteinsson	
Örn Ólafsson	

Laga- og leikreglanefnd

Stefán Geir Þórisson	Formaður
Guðmundur H. Pétursson	
Steinar Þór Guðgeirsson	

Landsliðsnefnd karla

Halldór B. Jónsson	Formaður
Geir Þorsteinsson	Formaður
Jón Gunnlaugsson	
Lúðvík S. Georgsson	
Viðar Halldórsson	
Þorgrímur Þráinsson	

Landsliðsnefnd kvenna (A og U21)

Kjartan Daníelsson	Formaður
Björn Guðbjörnsson	
Guðrún Inga Sívertsen	
Hanna Dóra Magnúsdóttir	
Ragnhildur Skúladóttir	

Landsliðsnefnd U21 karla

Jóhannes Ólafsson	Formaður
Rúnar Arnarson	
Stefán Geir Þórisson	
Steinar Guðgeirsson	
Steinn Halldórsson	
Vignir Már Þormóðsson	

Unglinganefnd karla (U19 og U17)

Ástráður Gunnarsson	Formaður
Einar Friðbjófsen	
Ingvar Guðjónsson	
Ómar B. Stefánsson	
Sigurður Helgason	
Þórarinn Gunnarsson	

Unglinganefnd kvenna (U19 og U17)

Ingibjörg Hinriksdóttir	Formaður
Ásta B. Gunnlaugsdóttir	
Gary Wake	
Ingibjörg Harpa Ólafsdóttir	
Íris Björk Eysteinsdóttir	
Jakob Skúlason	

Mannvirkjanefnd

Lúðvík S. Georgsson	Formaður
Ásthildur Helgadóttir	
Jón Runólfsson	
Kristján Ásgeirsson	
Þorbergur Karlsson	

Mótanefnd

Halldór B. Jónsson	Formaður
Lúðvík S. Georgsson	Formaður
Atli Þórssen	
Björn Friðbjófsen	
Ingibjörg Hinriksdóttir	
Kjartan Daníelsson	
Sigvaldi Einarsson	

Ársskýrsla KSÍ 2007

Samninga- og félagaskiptanefnd

Stefán Geir Þórisson Formaður
Lúðvík S. Georgsson
Steinar Þór Guðgeirsson
Guðmundur H. Péturss. (til vara)
Jóhann Albertsson (til vara)
Örn Gunnarsson (til vara)

Útbreiðslunefnd

Jón Gunnlaugsson Formaður
Björn Friðbjófsen
Einar Friðbjófsen
Einar Jónsson
Guðmundur Ingvason
Jakob Skúlason
Jón Páll Hreinsson
Jónas Sigurðsson
Ómar B. Stefánsson
Rósa Guðbjartsdóttir
Sigrún Ríkharðsdóttir
Valdemar Einarsson
Vanda Sigurgeirsdóttir

Afmælisnefnd - KSÍ 60 ára

Ágúst Ingi Jónsson Formaður
Eggert Steingrímsson
Gunnar Sigurðsson
Stefán Gunnlaugsson

Framkvæmdanefnd EM U19 kvenna 2007

Ingibjörg Hinriksdóttir Formaður
Halldór B. Jónsson
Guðrún Inga Sívertsen
Kjartan Daníelsson
Lúðvík S. Georgsson

Heilbrigðisnefnd

Sveinbjörn Brandsson Formaður
Einar Jónsson
Hjalti Kristjánsson
Hjörtur Þór Hauksson
Reynir Björn Björnsson
Stefán Stefánsson
Svala Helgadóttir

Þjálfaranefnd

Atli Eðvaldsson
Ásgeir Sigurvinsson
Eyjólfur Sverrisson
Guðjón Þórðarson
Guðni Kjartansson
Helena Ólafsdóttir
Jóhannes Atlason
Jörundur Áki Sveinsson
Logi Ólafsson
Sigurður R. Eyjólfsson
Vanda Sigurgeirsdóttir

Aga- og úrskurðarnefnd

Kolbeinn Árnason Formaður
Gunnar Guðmundsson Varaformaður
Halldór Frímannsson Varaformaður
(Aga-og úrsk.nefnd, framhald)

Einar M. Árnason
Helgi R. Magnússon
Sigrún Óttarsdóttir
Sigurður Ingi Halldórsson
Þróstur Ríkharðsson

Áfrýjunardómstóll KSÍ

Sigurður G. Guðjónsson Forseti
Guðmundur Pétursson
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson
Brynjar Níelsson (til vara)
Guðmundur Þórðarson (til vara)
Hörður Felix Harðarson (til vara)
Jóhannes A. Sævarsson (til vara)
Lúðvík Örn Steinarsson (til vara)

Leyfisráð KSÍ

Sveinn Jónsson Formaður
Elías Hergeirsson
Ragnar Gíslason
Rúnar Gíslason
Stefán Gunnlaugsson

Leyfisráð KSÍ

Lúðvík S. Georgsson Formaður
Guðmundur H. Pétursson
Stefán Bergsson
Steinar Þór Guðgeirsson
Örn Gunnarsson

Kjörnefnd

Gísli Gíslason Formaður
Steinn Halldórsson
Unnsteinn Jónsson

Kjörnir skoðunarmenn

Hannes Þ. Sigurðsson
Haukur Gunnarsson
Reynir Karlsson (til vara)
Þórður Þorkelsson (til vara)

Kjörinn endurskoðandi

Björn Ingi Victorsson

Starfsfólk

Þórir Hákonarson Framkvæmdastjóri
Birkir Sveinsson Mótastjóri
Eyjólfur Sverrisson Sparkvalla­mál
Guðlaugur Gunnarsson Mótamál
Gunnar Gylfason Landsliðsmál
Jóhann G. Kristinsson Vallarstjóri
Kristinn V. Jóhannsson Vallarstarfsmaður
Klara Bjartmarz Skrifstofustjóri
Luka Kostic Hæfileikamótun
Magnús Már Jónsson Dómarastjóri
Margrét Elíasdóttir Ritari
Ómar Smá­ra­son Leyfis­stjóri
Pálmi Jónsson Fjármálastjóri
Ragnheiður Elíasdóttir Ritari
Sigríður Sigurðardóttir Ræstitæknir
Sigurður R. Eyjólfsson Fræðslustjóri
Þorvaldur Ingimundarson Mótamál/Heimasíða

Skýrsla landsliðsnefndar

Í nefndinni sátu Halldór B. Jónsson, formaður, Jón Gunnlaugsson, Lúðvík S. Georgsson, Viðar Halldórsson og Þorgrímur Þráinsson. Geir Þorsteinsson tók við formennsku um mitt ár í veikindum Halldórs. Nefndin hélt 9 formlega fundi á árinu. Með nefndinni störfuðu Þórir Hákonarson og Gunnar Gylfason. Eyjólfur Sverrisson var landsliðsþjálfari til októberloka, en þá rann samningur hans út og Ólafur Jóhannesson var ráðinn í starfið frá og með 1. nóvember til ársloka 2009. Eyjólfur til aðstoðar voru Bjarni Jóhannsson og Birkir Kristinsson markmannsþjálfari en með Ólafi voru til aðstoðar Pétur Pétursson og Bjarni Sigurðsson markmannsþjálfari. Læknar landsliðsins voru Sveinbjörn Brandsson og Gauti Laxdal, sjúkraþjálfarar þeir Stefán Hafþór Stefánsson og Friðrik Ellert Jónsson. Nuddari liðsins var Óðinn Svansson og búningastjóri Björn Gunnarsson.

Verkefni og leikmenn

Landsliðið lék á árinu 9 leiki, átta í undankeppni EM 2008 og einn vináttuleik. Sigur vannst í einum leik, þremur lauk með jafntefli, en hinir fimm töpuðust. Í þessum leikjum léku 26 leikmenn. Tveir leikmenn, þeir Emil Hallfreðsson og Kristján Örn Sigurðsson léku alla leiki ársins. Hermann Hreiðarsson lék sinn 75. landsleik á árinu, Arnar Þór Viðarsson sinn 50. og þeir Ívar Ingimarsson og Kristján Örn Sigurðsson sinn 25. leik.

Vináttulandsleikur

Eini vináttulandsleikur ársins var á Laugardalsvelli í ágúst gegn Kanada. Leiknum lauk með 1-1 jafntefli, Gunnar Heiðar Þorvaldsson skoraði mark Íslendinga á 65. mínútu en Kanadamenn jöfnuðu 10 mínútum síðar.

Undankeppni EM 2008

Undankeppni EM 2008 lauk síðastliðið haust, en hún hófst haustið 2006. Fyrsti leikur ársins var útileikur gegn Spánverjum. Leikið var í úrhellisrigningu á Mallorca og höfðu Spánverjar sigur 1-0 og skoruðu sigurmarkið 10. mínútum fyrir leikslok.

Í byrjun júní var leikið gegn Liechtenstein á Laugardalsvelli og lauk leiknum með 1-1 jafntefli. Brynjar Björn Gunnarsson skoraði á 27. mínútu en gestirnir jöfnuðu á þeirri 69.

Fjórum dögum síðar var leikið gegn Svíum í Stokkhólmi. Heimamenn fögnuðu sigri 5-0, fyrsta markið skoruðu þeir á 10. mínútu og svo komu mörk á 41., 45., 50. og 52 mínútu.

Í byrjun september voru Spánverjar gestir í Laugardalnum og lauk leiknum með 1-1 jafntefli. Emil Hallfreðsson skoraði á 40. mínútu en Spánverjar jöfnuðu 5 mínútum fyrir leikslok.

Norður-Írar léku í Laugardalnum fjórum dögum síðar og vann Ísland 2-1 sigur. Ármann Smári Björnsson skoraði á 10. mínútu en Norður Írar jöfnuðu á 72. mínútu. Sigurmark Íslands var sjálfsmark í uppbótartíma.

Í október unnu Lettar 2-4 sigur í Laugardalnum. Eiður Smári Guðjohnsen skoraði á 4. mínútu en gestirnir svöruðu með mörkum á 27., 31., 37. og 46., áður en Eiður minnkaði muninn á 52. mínútu.

Eftir Lettaleikinn var haldið til Liechtenstein og leikið við heimamenn í Vaduz. Heimamenn unnu 3-0 sigur með mörkum á 20., 80. og 82. mínútu.

Í nóvember var síðasti leikur ársins, gegn Dönnum á Parken og var það fyrsti leikur liðsins undir stjórn Ólafs Jóhannessonar. Danir fóru með sigur af hólmi 3-0 og skoruðu mörkin á 34., 44. og 59. mínútu.

Lokaorð

Það var á brattann að sækja hjá A-landsliðinu á árinu og aðeins bættust 5 stig í safnið í undankeppni EM. Lokaniðurstaðan varð 8 stig 12 leikjum, sem verður að teljast óviðunandi árangur. Vissulega átti liðið sínar góðu stundir, en þær voru alltof fáar. Ég vil þakka Eyjólfu og hans aðstoðarmönnum fyrir gott samstarf og óska þeim velfarnaðar í sínum störfum. Ólafur Jóhannesson og hans aðstoðarmenn eru boðnir velkomnir til leiks, en þeir hafa vissulega stigið sín fyrstu skref og er það von mín að þeir nái að stýra landsliðinu inn á rétta braut. Ég vil þakka leikmönnum, læknum og sjúkraþjálfurum samstarfið á árinu, sem og nefndarmönnum og starfsfólki KSÍ.

Skýrsla U21 landsliðsnefndar

Nefndina skipuðu Jóhannes Ólafsson, formaður, Rúnar V. Arnarson, Stefán Geir Þórisson, Steinar Guðgeirsson, Steinn Halldórsson og Vignir Þormóðsson. Starfsmaður nefndarinnar var Gunnar Gylfason. Nefndin fundaði einu sinni með formlegum hætti á árinu. Þjálfari liðsins var Lúkas Kostic, aðstoðarþjálfari Magnús Gylfason og markvarðarþjálfari Þorsteinn Magnússon. Hjalti Kristjánsson var læknir liðsins, Jón Þór Brandsson og Þórður Magnússon voru sjúkráþjálfarar. Guðmundur Óli Sigurðsson og Helgi Sævarsson voru liðsstjórar.

Undankeppni EM 2009

Dregið var í undankeppni EM í febrúar og dróst Ísland í riðil með Austurríki, Belgíu, Kýpur og Slóvakíu. Fyrsti leikurinn í riðlinum var gegn Kypverjum á heimavelli og var leikið í Grindavík. Íslendingar byrjuðu leikinn betur, en um miðjan fyrri hálfleikinn jafnaðist leikurinn og lítið var um opin marktækifæri. Síðari hálfleikur var mun opnari og áttu bæði lið ágætis tækifæri. Gestirnir skoruðu um miðjan síðari hálfleik beint úr aukaspyrnu og þótt Íslendingar bættu mikið í sóknina eftir markið og væru aðgangsharðir upp við mark gestanna gekk ekki að skora og lokatölur því 0-1, Kypur í vil.

Annar leikur liðsins var gegn Slóvökum og leikið var ytra í grenjandi rigningu á blautum velli. Eftir frekar jafnan fyrri hálfleik tókst heimamönnum að komast yfir rétt fyrir leikhlé. Bjarni Þór Viðarsson jafnaði leikinn úr vítaspyrnu fljótlega í seinni hálfleik, en Slóvakar komust aftur yfir um miðjan seinni hálfleik. Strákarnir gáfust ekki upp og Theódór Elmar Bjarnason jafnaði leikinn með góðu marki seint í leiknum og lokatölur urðu því 2-2.

Þriðji leikurinn var leikinn á Akranesi og voru mótherjarnir Belgar. Það var hart barist í þessum leik eins og oft áður á Akranesi en mörkin létu á sér standa. Nokkuð jafnræði var í leiknum. Íslenska liðið fékk opnari marktækifæri en tókst ekki að skora og landa þar með öllum þremur stigunum. Leiknum lauk því með markalausni jafntefli.

Fjórdi leikurinn var gegn Austurríki í Grindavík í miklu roki. Íslendingar sóttu meira í fyrri hálfleik með vindinn í bakið. Undir lok hálfleiksins var einum Austurríkismanni vikið af leikvelli og gestirnir því tíu eftir það en skoruðu engu að síður í byrjun síðari hálfleiks. Íslendingar gáfu þá í og á 64. mínútu jafnaði Rúrik Gíslason metin. Einum fleiri freistuðu Íslendingar þess að knýja fram sigur og sóttu mikið að marki gestanna sem náðu þó að verja mark sitt. Jafntefli varð því staðreynd, það þriðja í fjórum leikjum hjá íslenska liðinu.

Fimmti leikur ársins í riðlinum var leikinn í Belgíu. Íslenska liðið lék einstaklega vel í fyrri hálfleik og Birkir Bjarnason skoraði fyrsta markið á 16. mínútu. Á 29. mínútu skoraði Arnór Smárason annað mark og leiddi íslenska liðið 0-2 í hálfleik. Í síðari hálfleik voru Belgar sterkari aðilinn en íslenska liðið varðist af krafti. Belgar náðu að minnka muninn á 80. mínútu en komust ekki lengra og 1-2 sigur á Belgum staðreynd. Þessi sigur fleytti íslenska liðinu upp í þriðja sæti riðilsins með 6 stig eftir fimm leiki. Austurríkismenn eru á toppnum með 14 stig eftir sex leiki, Slóvakar eru í öðru sæti með 8 stig eftir fimm leiki, Belgar 4 stig eftir fimm leiki og Kypverjar reka lestina með 3 stig einnig eftir 5 leiki. Íslenska liðið leikur þrjá leiki 2008 - útileik gegn Kypur í febrúar, útileik gegn Austurríki í september og heimaleik gegn Slóvakíu í september.

Vináttulandsleikur

Liðið lék einn vináttulandsleik á árinu og var sá leikur í Þýskalandi í nóvember á undan leiknum í Belgíu. Lokatölur urðu 3-0 heimamönnum í vil eftir að þeir höfðu haft eins marks forystu í hálfleik.

Leikmenn

Tuttugu og fimm leikmenn tóku þátt í leikjunum sex á árinu og fjórir aðrir voru í hóp en komu ekki inn á. Ari Freyr Skúlason, Arnór Sveinn Aðalsteinsson, Birkir Bjarnason og Haraldur Björnsson léku alla leiki ársins. Bjarni Þór Viðarsson var fyrirlíði í fyrstu fjórum leikjunum og Hallgrímur Jónasson og Rúrik Gíslason í sitt hvorum leiknum.

Lokaorð

Leikmönnum vil ég þakka samstarfið á þessu keppnisári og von um áframhaldandi velgengni á komandi ári. Þjálfurum, lækni, sjúkráþjálfurum og liðsstjórum vil ég þakka fyrir tímabilið. Einnig samstarfsmönnum mínum í nefndinni svo og starfsmönnum KSÍ þakka ég fyrir ánægjulegt samstarf.

Skýrsla unglínganefndar

Nefndina skipuðu Ástráður Gunnarsson formaður, Einar Friðþjófsson, Ingvar Guðjónsson, Ómar Bragi Stefánsson, Sigurður Helgason og Þórarinn Gunnarsson. Starfsmaður nefndarinnar var Gunnar Gylfason. Tveir formlegir fundir voru haldnir í nefndinni á árinu.

Starfssvið nefndarinnar er sem fyrr umsjón með drengja- og unglíngalandsliðum Íslands. Guðni Kjartansson þjálfaði U19 landsliðið til 1. júní en þá tók Kristinn Rúnar Jónsson við liðinu. Lúkas Kostic þjálfaði U17 liðið. Freyr Sverrisson hafði umsjón með úrtökumóti og knattspyrnskólanum og var hann einnig aðstoðarmaður Guðna og Lúkasar í verkefnum landsliðanna. Liðsstjórar liðanna voru þeir Guðmundur Óli Sigurðsson með U19 og Gunnlaugur Hreinsson og Hermann Valsson með U17. Læknar liðanna voru Einar Jónsson og Ágúst Gústafsson.

U17 - Drengjalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1990 og síðar

Verkefni þessa liðs hélt áfram eftir að liðið hafði komist áfram úr riðli í undankeppni Evrópumótsins haustið 2006.

Milliriðill í Portúgal

Milliriðillinn var leikinn í Portúgal í lok mars. Andstæðingar okkar voru, auk heimamanna, Rússar og Norður-Írarnir, en þeir voru andstæðingarnir í fyrsta leiknum sem lauk með jafntefli, 2-2. Kolbeinn Sigþórsson skoraði 2 mörk á tveggja mínútna kafla í fyrri hálfleik og leiddi íslenska liðið í hálfleik, 2-0. Norður-Írarnir skoruðu strax í byrjun seinni hálfleiks og náðu svo að jafna metin síðar í hálfleiknum.

Annar leikurinn var gegn heimamönnum og lauk þeim leik með markalausum jafntefli. Eftir tvær umferðir voru Rússar í efsta sæti riðilsins með fjögur stig, en Ísland og Portúgal með 2 stig og átta öll liðin þrjú möguleika á efsta sætinu.

Leikur Íslands og Rússlands í síðustu umferðinni var hreint með ólíkindum. Íslendingar leiddu í hálfleik með fimm mörkum gegn engu og gerði Kolbeinn Sigþórsson fjögur mörk í fyrri hálfleik og Frans Elvarsson eitt. Seinni hálfleikurinn byrjaði með sömu látum og Aaron Palomares skoraði á 43. mínútu, en þá tóku Rússar við sér og skoruðu 5 mörk það sem eftir lifði leiksins. Lauk leiknum því með eins marks sigri Íslendinga, 6-5. Var því beðið með eftirvæntingu eftir úrslitum leiks Portúgala og Norður-Íra. Lauk þeim leik með sigri heimamanna í Portúgal, 2-1. Þýddi það að Ísland og Portúgal voru jöfn að stigum, með sama markamun, en Íslendingar komust áfram í úrslitakeppnina í Belgíu á fleiri skoruðum mörkum.

Úrslitakeppni í Belgíu

Úrslitakeppnin var leikin í Belgíu í maíbyrjun og var íslenska liðið í B riðli ásamt heimamönnum, Hollendingum og Englandi en í hinum riðlinum voru Frakkar, Spánverjar, Úkraínnumenn og Þjóðverjar.

Fyrsti leikur íslenska liðsins var gegn Englendingum, sem fengu óskabyrjun í leiknum því þeir náðu að skora strax á fjórðu mínútu. Markið sló íslenska liðið örlítið út af laginu en okkar drengir náðu samt að vinna sig aftur inn í leikinn. Enskir bættu hinsvegar við öðru marki á 24. mínútu og þannig var staðan í leikhléi. Jafnræði var með liðunum í síðari hálfleik og hvorugu liðinu tókst að bæta við marki þrátt fyrir ágætis tilraunir. Lokatölur því 0-2 fyrir England.

Annar leikurinn var gegn Hollendingum sem unnu sigur með þremur mörkum gegn engu, eftir að hafa haft eins marks forystu í hálfleik. Hollendingar komust yfir á 23. mínútu og leiddu þannig í hálfleik. Þeir bættu svo öðru marki við á 52. mínútu og þriðja markið kom á lokamínútunni.

Síðasti leikurinn var gegn heimamönnum. Lokatölur urðu 5-1 Belgum í vil eftir að staðan í hálfleik hafði verið jöfn, 1-1. Það var Kolbeinn Sigþórsson sem skoraði markið á 19. mínútu.

Engendingar fengu 7 stig í riðlinum og Belgar 5 og fóru þessar tvær þjóðir áfram í undanúrslit. Hollendingar fengu 4 stig og léku um laust sæti á HM U17 í Kóreu en töpuðu gegn Þjóðverjum 3-2. Í undanúrslitunum töpuðu Belgar fyrir Spánverjum eftir vítaspyrnukeppni 7-6 en Engendingar unnu Frakka 1-0. Í sjálfum úrslitaleiknum báru svo Spánverjar sigurorð af Engendingum 1-0.

U17 - Drengjalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1991 og síðar

Eins og mörg undanfarin ár voru verkefnið tvö fyrir þetta lið, Opna Norðurlandamótið og undankeppni Evrópumótsins.

Opna Norðurlandamótið

Mótið fór að þessu sinni fram í Danmörku 30. júlí – 3. ágúst. Íslenska liðið var í B riðli með Engendingum, Svíum og Finnum.

Íslendingar biðu lægri hlut gegn Engendingum í fyrsta leik sínum, 2-0. Jafnræði var með liðunum í leiknum og var markalaust í hálfleik. Sama jafnræðið var í seinni hálfleik en upp úr miðjum hálfleiknum tókst Engendingum að skora tvö mörk með stuttu millibili og þar við sat.

Í öðrum leiknum voru andstæðingarnir Svíar og unnu þeir annars jafnan leik með marki skoruðu rétt fyrir leikslok 1-0.

Finnar voru mótherjarnir í síðasta leik riðilsins. Lokatölur urðu 3-3 eftir að Íslendingar höfðu leitt í hálfleik, 2-0. Íslensku strákarnir höfðu yfirhöndina í leiknum lengst af og komust í 2-0 og svo 3-1 en Finnar reyndust sterkir á lokakaflanum og náðu að jafna metin. Mörk Íslendinga skoruðu þeir Arnar Sveinn Geirsson 2 og Ragnar Leósson.

Svíar urðu efstir í B riðli með 7 stig, Engendingar hlutu 6 stig í öðru sæti, Finnar tvö stig í þriðja sæti og Íslendingar ráku lestina með eitt stig. Í A riðli urðu Belgar efstir með 7 stig, Norðmenn hlutu 6 stig, Danir fengu 4 stig og Færeyingar fengu ekkert stig.

Íslenska liðið lék því við Færeyinga um 7. sætið og sigruðu Íslendingar með þremur mörkum gegn engu. Öll mörk Íslands komu í fyrri hálfleik. Ragnar Leósson kom Íslandi yfir strax á 3. mínútu og tólf mínútum síðar bætti Ottó Reynisson öðru marki við. Á síðustu mínútu fyrri hálfleiks skoraði svo Þórir Guðjónsson þriðja mark Íslands og reyndist það síðasta mark leiksins þrátt fyrir ágætar tilraunir.

Danir tryggðu sér 5. sætið á mótinu með 2-0 sigri á Finnum, Engendingar unnu Norðmenn 4-1 í leik um bronsið og Svíar lögðu Belga í úrslitaleik 1-0 og urðu Norðurlandameistarar.

Undankeppni Evrópumótsins

Okkar riðill fór fram í Serbíu um mánaðamótin september-október. Andstæðingar okkar voru, auk heimamanna, Ísraelar og Litháar. Fyrsti leikur okkar var gegn heimamönnum og lauk leiknum með sigri þeirra, 1-0. Mark Serba kom á fyrstu mínútu og tókst íslensku strákunum ekki að jafna metin þrátt fyrir að hafa undirtökin í leiknum og ágætis færi.

Annar leikurinn var gegn Ísraelum sem unnu 3-0 sigur og komu tvö marka þeirra úr vítaspyrnum.

Síðasti leikurinn var gegn Litháum og vannst 1-0 sigur. Ólafur Karl Finsen skoraði mark Íslendinga í fyrri hálfleik og þrátt fyrir ágæt færi tókst ekki að bæta við mörkum.

U19 - Unglingalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1988 og síðar

Verkefni þessa liðs hélt áfram eftir að liðið hafði komist áfram úr riðli sínum í undankeppni Evrópumótsins haustið 2006.

Milliriðill í Noregi

Íslenska liðið dróst í milliriðil með Norðmönnum, Spánverjum og Aserum og var leikið í Noregi um mánaðamótin maí-júní.

Fyrsti leikurinn var gegn Evrópumeisturum Spánverja sem báru sigur úr bítum með þremur mörkum gegn tveimur eftir að íslenska liðið leiddi í hálfleik, 0-1. Skúli Jón Friðgeirsson kom íslenska liðinu yfir með marki á 23. mínútu var staðan þannig í hálfleik. Spánverjar jöfnuðu metin á 49. mínútu og bættu svo við mörkum á 73. og 79. mínútu, það seinna úr vítaspyrnu. Í uppbótartíma skoraði Bjarni Þór Viðarsson einnig úr vítaspyrnu. Tveimur Íslendingum var vikið af leikvelli undir lok leiksins, þeim Rúrik Gíslasyni og Halldóri Kristni Halldórssyni.

Annar leikurinn var gegn Norðmönnum sem unnu 4-3 eftir að hafa leitt í hálfleik 3-2. Norðmenn skoruðu á 11. og 12. mínútu en Arnór Smáráson minnkaði muninn skömmu síðar. Norðmenn komust í 3-1 en Skúli Jón Friðgeirsson minnkaði muninn fyrir hálfleik og fljótlega í þeim síðari jafnaði Bjarni Þór Viðarsson úr vítaspyrnu. Norðmenn skoruðu fljótlega sitt fjórða mark og þar við sat.

Síðasti leikurinn var gegn Aserum og vannst sá leikur 5-2. Íslenska liðið leiddi 3-0 í hálfleik og komst í 4-0 áður en Aserar skoruðu sín tvö mörk, en síðasta orðið átti íslenska liðið. Mörkin skoruðu Bjarni Þór Viðarsson 2 (annað úr víti), Rúrik Gíslason 2 og Arnór Smáráson. Leikurinn gegn Aserum var sögulegur fyrir þær sakir að þetta var síðasti leikurinn af 115 hjá U19 karla þar sem Guðni Kjartansson stjórnaði liðinu en fyrsti leikurinn undir hans stjórn var gegn Portúgal 1. janúar 1992.

Spánverjar unnu riðlilinn með fullt hús stiga og komust í úrslitakeppnina í Austurríki síðar um sumarið þar sem þeir urðu Evrópumeistarar. Íslenska liðið var í öðru sæti á hagstæðari markatölu en Norðmenn og Aserar, en öll liðin hlutu 3 stig.

U19 - Unglingalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1989 og síðar

Verkefni liðsins voru líkt á undafarin ár þátttaka í Evrópukeppninni og vináttulandsleikir.

Vináttuleikir

Leiknir voru tveir leikir gegn Skotum hér heima í byrjun september. Fyrri leikurinn var í Sandgerði og vann íslenska liðið 3-0. Gylfi Þór Sigurðsson og Guðmundur Kristjánsson skoruðu í fyrri hálfleik. Guðmundur Reynir Gunnarsson skoraði þriðja mark Íslendinga í síðari hálfleik og öruggur sigur því staðreynd.

Síðari leikurinn fór fram á Njarðvíkurvelli og lauk honum með sigri Íslands, 1-0. Gylfi Þór Sigurðsson skoraði mark Íslendinga í fyrri hálfleik.

Undankeppni Evrópumótsins

Ísland var í riðli með Englendingum, Rúmenum og Belgum og var leikið í Englandi í október. Fyrsti leikurinn var gegn Englendingum sem unnu 5-1 sigur. Það var Aron Einar Gunnarsson sem skoraði mark Íslendinga og jafnaði leikinn 1-1. Staðan í hálfleik var markalaus en flóðgáttir opnuðust í þeim seinni og mörkin urðu alls sex.

Næsti leikur var gegn Belgum. Gylfi Þór Sigurðsson kom Íslendingum yfir á 2. mínútu og ellefu mínútum síðar bætti Kristinn Jónsson öðru marki við en Belgar minnkuðu muninn í 1-2 aðeins tveimur mínútum síðar og þannig var staðan í hálfleik. Á 79. mínútu skoraði Jósef Kristinn Jósefsson þriðja mark Íslendinga og tryggði þar með góðan sigur.

Síðasti leikurinn var gegn Rúmenum. Íslendingar byrjuðu leikinn vel og eftir 13 mínútur hafði Jósef Kristinn Jósefsson skorað. Gylfi Þór Sigurðsson tryggði Íslendingum öruggan sigur með marki þegar um stundarfjórðungur lifði af leiknum.

Englendingar unnu riðlilinn með fullt hús stiga og Ísland hafnaði í 2. sæti með 6 stig og komust þessar þjóðir áfram í milliriðil. Belgar hlutu 3 stig en Rúmenar ekkert.

Í nóvember var dregið í milliriðla og er íslenska liðið í riðli með Norðmönnum, Ísraelum og Búlgörum. Leikið verður í Noregi um mánamótin apríl-maí.

Úrtökumót

Hið árlega úrtökumót fór fram að Laugarvatni í ágúst. Þar komu saman tæplega 70 drengir fæddir 1992 og fór mótið vel fram, en Freyr Sverrisson hafði umsjón með mótinu og hafði til aðstoðar tvo þjálfara, þá Hjálm Dór Hjálmsson og Magna Fannberg. Úrtökumót þetta er haldið vegna vals á drengjum sem eru gjaldgengir í U17 liðið á árinu 2008 og mun hluti þessa hóps koma saman til æfinga í vetur.

Í desember sl. voruð svo boðaðir um 35 drengir á æfingar og aðrir 35-50 verða boðaðir í janúar og mars. Þessir drengir (fæddir 1993) verða hlutgengir á úrtökumótið 2008 og í U17 landsliðið 2009.

Samantekt

Á árinu léku liðin alls 21 leik. Níu sigrar, þremur leikjum lauk með jafntefli og níu leikir töpuðust.

Árangur U17 (91 árgerð) á Norðurlandamótinu var ekki góður, en liðið lék um 7. til 8. sæti við Færeyjar sem við unnum 3-0. Þeir léku í Evrópukeppninni og urðu í þriðja sæti síns riðils og komust því ekki í milliriðil.

U17 (90 árgerð) lék í milliriðli, vann hann og náði þeim frábæra árangri að leika í úrslitakeppninni sem fram fór í Belgíu, liðið lék þar þrjá leiki sem allir töpuðust. Sá árangur að komast í átta liða úrslitakeppni á Evrópumóti er frábær. Benda má á að Íslendingar voru eina Norðurlandapjódin sem náði þeim árangri þetta árið.

U19 (88 árgerð) lék í milliriðli sem fór fram í Noregi. Liðið varð í öðru sæti í riðlinum og komst því ekki í úrslitakeppnina.

U19 (árgerð 89) lék tvo vináttuleiki við Skota sem við unnum báða, og þá lenti liðið í öðru sæti í sínum riðli EM og leikur því í milliriðli í vor og leikur þar í riðli með Noregi, Ísrael og Búlgaríu. Leikdagarnir eru 27. og 29. apríl og 2. maí og verður leikið í Noregi.

Verkefni þessa árs eru svipuð og undanfarin ár þ.e. U17 tekur þátt í Norðurlandamótinu og Evrópukeppni þar sem við leikum gegn Noregi, Sviss og Úkraínu. Leikið verður á Íslandi.

Væntanlega mun U19 leika einhverja æfingaleiki svo og taka þátt í Evrópukeppni þar sem við leikum gegn Austurríki, Makedóníu og Svíþjóð, en leikið verður í Makedóníu.

Lokaorð

Ég vil þakka samnefndarmönnum mínum, þjálfurum, læknum, liðsstjórum og starfsmönnum skrifstofu KSÍ fyrir mjög gott samstarf. Þá ber að þakka alla aðra aðstoð sem liðunum og starfsmönnum nefndarinnar var veitt á árinu.

Þar sem ég hef ákveðið að gefa ekki kost á mér til endurkjörs til stjórnar KSÍ vil ég að nota þetta tækifæri til að þakka öllum þeim sem ég hef starfað með þau ár sem ég hef verið í stjórn KSÍ fyrir frábært samstarf og mjög góðan og skemtilegan tíma.

Knattspyrnuhreyfingin er rík af duglegu og fórnfúsu fólki sem leggur mikið á sig til að gera íþróttina betri og skemtilegri mörgu af þessu fólki hef ég kynnst í starfinu og er þakklátur fyrir þau kynni. Stöndum saman í því að gera knattspyrnuna enn betri og vinsælli.

Ástráður Gunnarsson, formaður

Skýrsla landsliðsnefndar kvenna

Landsliðsnefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2007: Kjartan Daníelsson, formaður, Björn Guðbjörnsson, Guðrún Inga Sívertsen, Hanna Dóra Markúsdóttir og Ragnhildur Skúladóttir, Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz. Fimm formlegir fundir voru haldnir á árinu.

Hlutverk landsliðsnefndar er umsjón með A landsliði kvenna. Sigurður Ragnar Eyjólfsson var landsliðsþjálfari og honum til aðstoðar var Guðni Kjartansson. Markmannsþjálfari var Guðmundur Hreiðarsson, læknir var Reynir Björn Björnsson, sjúkraþjálfari var Svala Helgadóttir og liðsstjóri A kvenna var Margrét Ákadóttir. Árið 2007 tók Ísland ekki þátt í Norðurlandamóti U23 kvenna.

Dregið var í riðla fyrir EM 2009 í desember 2006 og lentum við í riðli með Frökkum, Grikkjum, Slóvenum og Serbum. Undirbúningur fyrir EM hófst strax í janúar þegar 40 manna undirbúningshópur var kallaður saman og voru 3 æfingahelgar í kjölfar þess. Í fyrsta sinn í 10 ár tók Ísland þátt í Algarve Cup og var það mót mikilvægur undirbúningur fyrir komandi átök. Árangur á Algarve Cup var mjög góður, reyndar tap gegn Ítalíu í fyrsta leik, 1-2, þar sem Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði mark Íslands. Í næsta leik var 1-1 jafntefli við Írland niðurstaðan og skoraði Rakel Logadóttir mark Íslands. Þriðji leikur liðsins í riðlinum var gegn Portúgölum og sigraði íslenska liðið örugglega 5-1 þar sem Katrín Jónsdóttir, Hólmfríður Magnúsdóttir (3) og Margrét Lára Viðarsdóttir skoruðu mörk Íslands. Eftirtektarverðasti leikurinn var þó leikurinn um sæti sem var gegn Kína, en sá leikur vannst örugglega, 4-1. Dóra María Lárusdóttir, Greta Mjöll Samúelsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir (2) skoruðu mörk Íslands. Lokaundirbúningur fyrir EM var leikur gegn Englandi ytra í byrjun maí. Sá leikur tapaðist 0-4 en var á sama tíma gott tækifæri til að vinna með veikleika liðsins og leggja grunninn að næstu leikjum.

Í lok maí hófst undankeppni EM með leik gegn Grikkjum ytra og vannst þar öruggur 3-0 sigur með mörkum Margrétar Láru Viðarsdóttur, Ásthildar Helgadóttur og Gretu Mjallar Samúelsdóttur. Fyrsti heimaleikur ársins var gegn Frökkum 16. júní þar sem íslenska liðið kom sá og sigraði. Með öguðum og skipulögðum leik vannst 1-0 sigur og var það Margrét Lára sem skoraði mark Íslands. Nokkrum dögum síðar var tekið á móti Serbum á heimavelli fyrir framan tæplega 6000 áhorfendur sem var aðsóknarmet á kvennalandsleik á Íslandi. Íslenska liðið skemmti sjálfum sér og áhorfendum konunglega og lagði Serba örugglega, 5-0. Mörk Íslands gerðu þær Dóra Stefánsdóttir, Dóra María Lárusdóttir, Katrín Jónsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir. Lokamark Serba í leiknum var sjálfsmark. Lokaleikur liðsins á árinu í undankeppninni var gegn Slóvenum ytra í ágúst og voru úrslit þess leiks mikil vonbrigði. Íslenska liðið komst yfir 1-0 í upphafi leiks með marki Margrétar Láru en Slóvenar náðu að jafna leikinn fljótlega og komast yfir. Þrátt fyrir mörg marktækifæri náði íslenska liðið ekki að skora og því töpuðust mikilvæg stig í Slóveníu.

Fjórir nýliðar léku með A liðinu á árinu, þær Anna Björg Björnsdóttir, Fjóra Dröfn Friðriksdóttir, Sif Atladóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir. Dóra Stefánsdóttir, Dóra María Lárusdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir náðu allar þeim tímamótum að leika sinn 25. landsleik á árinu. Þóra B. Helgadóttir og Edda Garðarsdóttir náðu þeim merka áfanga að leika sinn 50. landsleik á árinu.

Eftir lok keppnistímabilsins tilkynnti Ásthildur Helgadóttir að hún væri hætt knattspyrnuíðkun vegna þralátra meiðsla. Ásthildur á að baka einstakan feril í íslenskri knattspyrnu en hennar fyrsti landsleikur var árið 1991 með U17 liði kvenna. Framlag Ásthildar Helgadóttur til íslenskrar knattspyrnu er ómetanlegt og færur við henni miklar þakkir fyrir það.

Fyrir utan lokaleik liðsins gegn Slóvenum var árið 2007 eitt besta ár íslenska kvennalandsliðsins frá upphafi og standa sigrarnir gegn Frökkum og Kínverjum þar upp úr. Landsliðskonur lögðu gífurlega vinnu á sig á árinu og uppskáru í samræmi við það. Við erum í góðri stöðu til að komast í úrslitakeppni EM 2009 og mun landsliðsnefndin og starfsmenn liðsins gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að það markmið liðsins náist.

Starfsmönnum landsliðsins, samstarfsfólki mínu í landsliðsnefnd kvenna, starfsmanni nefndarinnar og öðrum þeim sem hafa aðstoðað okkur á árinu er þakkað fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf.

Skýrsla unglínganefndar kvenna

Unglínganefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2007: Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður, Ásta B. Gunnlaugsdóttir, Gary Wake, Ingibjörg Harpa Ólafsdóttir, Íris Björk Eysteinsdóttir og Jakob Skúlason. Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz. Fimm formlegir fundir voru haldnir á árinu.

Hlutverk unglínganefndar er umsjón með U19 og U17 landsliðum kvenna. Ólafur Þór Guðbjörnsson var þjálfari U19 og Krístrún Lilja Daðadóttir U17. Þá sinnti Þórður Þórðarson markmannspjálfun á meðan á úrslitakeppni EM U19 stóð. Sjúkrþjálfarar liðanna voru þær Helena Magnúsdóttir og Elín Björg Harðardóttir (U17) og Erla Dögg Sigurðardóttir (U19). Hjörtur Þór Hauksson var læknir U19 og Ólafur Þór Gunnarsson var læknir U17. Liðsstjórar voru Ingigerður Júlíusdóttir (U19) og Halldóra Gylfadóttir (U17).

U19 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1988 og síðar

Undirbúningur fyrir úrslitakeppni EM hélt áfram og var lögð mikil áhersla á að undirbúa liðið sem allra best fyrir keppnina. Í mars var haldið til Spánar og tekið þátt í móti á La Manga. Fyrsti leikur liðsins þar var gegn Ítölum og tapaði íslenska liðið naumlega 1-2. Mark Íslands í leiknum skoraði Sandra Sif Magnúsdóttir. Næsti leikur liðsins var gegn Englandi og lauk honum með 1-1 jafntefli. Laufey Björnsdóttir skoraði mark Íslands í leiknum. Lokaleikur Íslands í mótinu var gegn Danmörku og lauk honum einnig með 1-1 jafntefli. Rákel Hönnudóttir skoraði mark Íslands í leiknum. Lokaleikur í löngu og ströngu undirbúningsferli liðsins var gegn Svíþjóð þann 18. júní og lauk honum með góðum sigri íslenska liðsins, 1-0. Rákel Hönnudóttir skoraði mark Íslands.

Þann 18. júlí lék Ísland formlegan opunarleik úrslitakeppni EM U19 kvenna á Laugardalsvelli. Það verður að segjast eins og er að úrslitin í þeim leik voru nokkur vonbrigði, en liðið tapaði stórt, 5-0. Þær tölur gefa þó ekki rétta mynd af leik íslenska liðsins sem lék hreint ágætlega á köflum. Annar leikur liðsins var á Kópavogsvelli og tapaði íslenska liðið naumlega 1-2 í miklum baráttuleik þar sem íslenska liðið hefði fyllilega átt skilið að minnsta kosti eitt stig. Fanndís Friðriksdóttir skoraði mark Íslands í leiknum. Lokaleikur íslenska liðsins í mótinu var gegn Þjóðverjum í Grindavík og lauk honum með 4-2 sigri Þýskalands, sem urðu Evrópumeistarar. Fanndís Friðriksdóttir gerði bæði mörk Íslands og var því ein af þremur markahæstu leikmönnum mótsins.

U19 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1989 og síðar

Í lok september tók nýtt U19 ára lið þátt í forkeppni fyrir EM U19 kvenna 2008 og fór riðilinn fram í Portúgal. Íslenska liðið hóf riðlakeppnina á góðum sigri á Rúmenum, 4-0 þar sem Jóna Kristín Hauksdóttir, Sara Björk Gunnarsdóttir og Fanndís Friðriksdóttir (2) skoruðu mörk Íslands. Næsti leikur liðsins var gegn Grikkjum og annar góður sigur varð niðurstaðan, 4-1. Mörk Íslands gerðu þær Rúna Sif Stefánsdóttir, Sara Björk (2) og Elínborg Ingvarsdóttir. Lokaleikur riðilsins, og þriðji sigurleikurinn, var gegn Portúgal og endaði hann 3-2. Að þessu sinni voru þær Elínborg, Laufey Björnsdóttir og Jóna Kristín á skotskónum. Íslenska liðið fór því í milliriðla með fullt hús stiga og var í efsta styrkleikaflokki. Milliriðillinn fer fram í Belgíu í apríl og erum við í riðli með Englandi, Póllandi og Belgíu. Allar þessar þjóðir, nema Belgar, voru í úrslitakeppni EM U19 kvenna 2007 og því er ljóst að íslenska liðinu bíður verðugt verkefni.

U19 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1990 og síðar

Í september 2008 hefst forkeppni fyrir EM U19 kvenna 2009. Íslenska liðið er í riðli með Ísrael, Írlandi og Grikklandi. Leikið verður í Ísrael.

U17 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1990 og síðar

Ísland tók þátt í Opna Norðurlandamóti U17 ára landsliða sem fram fór í Noregi. Liðið hóf keppnina með stóru tapi gegn Svíþjóð, 0-3. Annar leikur liðsins var gegn Noregi og að þessu sinni var 2-0 tap staðreynd. Þriðji leikur riðilsins tapaðist einnig, 1-3, gegn Hollandi. Mark Íslands í leiknum gerði Jóna Kristín Hauksdóttir. Íslenska liðið lék gegn Danmörku um 7. sætið og tapaði þeim leik 1-4. Andrea Ýr Gústavsdóttir skoraði mark Íslands í leiknum.

U17 – Kvennalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1991 og síðar

Ísland tók þátt í fyrstu Evrópukeppni U17 kvenna sem hófst haustið 2007. Riðill Íslands fór fram í Slóveníu og hóf íslenska liðið riðlakeppnina af miklum krafti með 7-1 sigri á Lettum. Berglind Björg Þorvaldsdóttir fór mikinn í leiknum og skoraði 5 mörk, Sigrún Inga Ólafsdóttir og Dagný Brynjarsdóttir skorðu sitt markið hvor. Annar leikur liðsins var gegn Slóveníu og var öruggur 5-0 sigur liðsins staðreynd. Andrea Ýr Gústavsdóttir skoraði eitt mark í leiknum, Dagný Brynjarsdóttir þrjú mörk og Sara Atladóttir eitt. Lokaleikur íslenska liðsins í riðlinum var gegn Úkraínu og skoraði Berglind Björg öll mörkin í 3-0 sigri Íslands. Íslenska liðið fór því í milliriðla með fullt hús stiga en var í öðrum styrkleikaflokki vegna markatölu. Milliriðlarnir fara fram í lok mars og erum við í riðli með Rússland, Finnlandi og Danmörku. Riðillinn fer fram í Danmörku. Liðin sem við mætum í þessum riðli eru öll mjög sterk og er ljóst að leikir okkar í Danmörku munu verða lærdómsríkir fyrir okkar lið.

U17 – Kvennalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1992 og síðar

Haustið 2008 hefst forkeppni fyrir EM U17 kvenna 2009. Íslenska liðið er í riðli með Ítalíu, Frakklandi og Azerbaidjan. Leikið verður á Ítalíu.

Lokaorð

Árangur síðasta árs var ásættanlegur þó svo að við hefðum viljað gera betur á Norðurlandamóti U17 og í úrslitakeppni EM U19, þar sem allir leikir töpuðust. Bæði lið bættu þó um betur í haust er þau unnu alla sína leiki í undankeppnum EM U17 og U19 og eru komin áfram í milliriðla Evrópukeppninnar. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að styrkja innviði þessara liða og reynt að hafa festu í undirbúningi þeirra. Þjálfarar liðanna, þau Kristrún Lilja Daðadóttir, þjálfari U17 og Ólafur Þór Guðbjörnsson, þjálfari U19, hafa unnið mikið saman og notið aðstoðar þeirra Írisar Bjarkar Eysteinsdóttur (U17) og Gary Michael Wake (U19) en þau eiga bæði sæti í unglinganefndinni. Þá var framlag Þórðar Þórðarsonar, markmannsþjálfara, mikilvægt á meðan á undirbúningi og úrslitakeppni EM U19 stóð. Samvinna þessara fimm þjálfara hefur verið með miklum ágætum og það er ekki launungarmál að ég hef vonir um að þetta teymi muni halda áfram með liðin á komandi árum.

Nefndarmenn unglinganefndar hafa allir lagt sig fram um að umhverfi liðanna sé eins og best verður á kosið. Þeir hafa allir verið tilbúnir til að leggja tíma og vinnu í æfingar og ferðalög með liðunum og er það vel. Þar fyrir utan tók Hanna Dóra Markúsdóttir, nefndarmaður í landsliðsnefnd kvenna, að sér fararstjórn ásamt Jakobi Skúlasyni með U17 ára liðinu þegar óvænt forföll urðu. Eru þeim færðar sérstakar þakkir fyrir þeirra framlag.

Um leið og ég þakka samstarfsfólki mínu í unglinganefndinni fyrir ánægjulegt samstarf þakka ég starfsfólki knattspyrnusambandsins fyrir þeirra framlag til yngri landsliða kvenna. Þá færi ég starfsmanni nefndarinnar, Klöru Ósk Bjartmarz, sérstakar þakkir en hún hefur unnið ómetanlegt starf í þágu kvennknattspyrnu á undanförunum árum.

Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður

Skýrsla framkvæmdanefndar EM U19 kvenna

Undirbúningur mótsins

Í tilefni af 60 ára afmæli Knattspyrnusambands Íslands ákvað stjórn þess á árinu 2004 að óska eftir því við stjórn Knattspyrnusambands Evrópu, UEFA, að fá að taka að sér framkvæmd úrslitakeppni U19 ára landsliða kvenna sem fram átti að fara í júlímánuði 2007. Þann 9. september 2004 var send umsókn til UEFA. Segja má að þann dag hafi undirbúningur fyrir framkvæmd mótsins hafist og stóð hann linnulaust þar mótið hófst þann 18. júlí sl. Í byrjun árs 2006 var skipuð fimm manna undirbúningsnefnd en hana skipuðu Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður, Guðrún Inga Sívertsen, Halldór B. Jónsson, Kjartan Danielsson og Lúðvík S. Georgsson. Klara Ósk Bjartmarz var starfsmaður nefndarinnar en auk hennar sat fyrrverandi framkvæmdastjóri KSÍ, Geir Þorsteinsson, og síðar Þórir Hákonarson, flesta fundi. Fullskipuð fundaði nefndin 8 sinnum, en að auki var haldinn fjöldinn allur af smærri fundum.

Heimsóknir UEFA

Á meðan á undirbúningi mótsins stóð sendi UEFA fulltrúa sína hingað til lands tvívegis til að skoða aðstæður og fylgjast með undirbúningnum fyrir mótið. Keppnis- og æfingavellir voru skoðaðir ásamt aðstæðum á Hótel Loftleiðum. Klara Ósk Bjartmarz hafði umsjón með þessum heimsóknum og leysti úr spurningum fulltrúa UEFA.

Dregið í riðla

Þann 23. maí 2007 var dregið í riðla fyrir úrslitakeppnina í nýjum höfuðstöðvum KSÍ í Laugardal. Fulltrúar frá UEFA ásamt borgarstjóranum í Reykjavík, Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsyni og knattspyrnukonu ársins 2006, Margréti Láru Viðarsdóttur, drógu í riðla að viðstöddu fjölmenni. Riðlarnir skiptust þannig:

A-riðill: Ísland, Noregur, Danmörk og Þýskaland.

B-riðill: Pólland, England, Spánn og Frakkland.

Vinnustofa

UEFA setti upp vinnustofu á sama tíma og dregið var í riðla. Fulltrúar frá þátttökuþjóðunum fengu þar ýmsar upplýsingar um mótið bæði frá fulltrúum UEFA sem og frá KSÍ auk þess sem fulltrúar þjóðanna skoðuðu þá leikvanga sem leikið var á og æfingaaðstöðu.

Skrifstofa mótsins

Klara Ósk Bjartmarz var framkvæmdastjóri mótsins og hafði hún yfirsýn og umsjón með öllum samskiptum við UEFA bæði fyrir mót og meðan á því stóð. Skrifstofa mótsins var sett upp í kjallara Hótel Loftleiða og Klöru til fulltingis þar voru þær Guðrún Inga Sívertsen og Hanna Dóra Markúsdóttir. Starf þeirra þriggja meðan á mótinu stóð var ómetanlegt. Þær leystu hvert það verkefni sem upp kom meðan á mótinu stóð af ljúfmennsku og röggsemi enda spöruðu forsvarsmenn gestapjóðanna ekki lofsyrðin í þeirra garð á meðan á mótinu stóð.

Fylgdarfólk þjóðanna

Ljóst var að umfang mótsins yrði meira en knattspyrnusambandið hafði áður þekkt og var hafist handa við að leita eftir sjálfboðaliðum og fylgdarfólki með liðum um einu ári áður en mótið hófst. Það markmið var sett strax í upphafi að hafa tvo fylgdarmenn með hverri gestapjóð í stað eins. Skemmst er frá því að segja að alls tóku 12 einstaklingar að sér verkefnið og eru þeir eftirtaldir:

England: Sigríður Fanney Pálsdóttir og Kristrún Lilja Daðadóttir

Þýskaland: Erla Gunnarsdóttir og Stefán Stefánsson

Pólland: Hanna Dóra Markúsdóttir

Frakkland: Grétar Skúlason og Karólína Margrét Jónsdóttir

Danmörk: Geir Guðsteinsson og Sverrir Óskarsson

Noregur: Laufey Sigurðardóttir og Úlfar Hinriksson

Spánn: Geir Hólmarsson

Þess má geta að Hanna Dóra Markúsdóttir, sem fylgdi Pólverjum eftir, var eins og áður hefur komið fram starfsmaður mótsins og bjó á Hótel Loftleiðum þann tíma sem keppni stóð. Einnig var systir

Geirs Hólmarssonar honum innan handar með Spánverja en hún er almælandi á spænska tungu og var honum mikilvæg hjálparhella.

Um frammistöðu þessa fólks þarf ekki að fara mörgum orðum. Allir sem einn stóðu sig frábærlega og voru alltaf til taks þegar á þurfti að halda. Óhætt er að fullyrða að þetta er fólkið sem gerði mótið jafn gott og raun ber vitni.

Akstur

Frá upphafi var ljóst að vel skipulagður akstur fyrir liðin og einstaklinga væri lykilatriði til að mótið gengi vel. Rútur voru pantaðar með árs fyrirvara, en endanleg akstursáætlun fyrir mótið var tilbúin um það bil mánuði fyrir mót. Farið var yfir planið daglega með Sigurði Sigurðssyni frá rútuframtækkinu Guðmundi Jónassyni sem sá um rútur í mótinu. Allt sem frá þeim kom stóðst 100% og var með ólíkindum hversu vel þeir náðu að sinna öllum séróskum og breytingum. Fjöldi sjálfboðaliða sinni akstri og gekk sá hluti einnig frábærlega. KSÍ gerði samning við Heklu fyrir mótið um afnot af bílum fyrir mótið og gekk það mjög vel. Guðrún Inga Sívertsen tók að sér að hafa yfirumsjón með öllu því sem sneri að akstri með gesti mótsins og var starf hennar til mikillar fyrirmyndar. Eru henni færðar sérstakar þakkir fyrir hennar framlag til mótsins, en drifkraftur hennar efldi andann á skrifstofu mótsins á Hótel Loftleiðum og tók hún að sér fjölmörg önnur verkefni er til féllu.

Bílstjórar: Ágústa Jóna Heiðdal, Árni Árnason og Gulla, Ásta Árnadóttir, Birna Rósa Gestsdóttir, Björn Guðbjörnsson, Brynja Guðjónsdóttir, Dóra Stefánsdóttir, Edda Garðarsdóttir, Erla Sigurbjartsdóttir, Eyjólfur Finnsson, Guðlaug Jónsdóttir, Guðmundur Jónsson, Íris Eysteinsdóttir, Katrín Ómarsdóttir, Kjartan Daníelsson, Marianna Þórólfsdóttir, Ragnhildur Skúladóttir, Samúel Örn Erlingsson, Sigurður Enoksson, Sigurhjörtur Snorrason, Skúli Skúlason, Þórarinn Gunnarsson og Unnur Friðþjófsdóttir.

Hótelmál

Þann 11. janúar 2005 var undirritaður samningur við Flugleiðahótel – Hótel Loftleiðir um gistingu og mat í tengslum við mótið, en samningaviðræður við hótelið höfðu staðið í langan tíma. Allir aðilar sem tengdust mótinu, fyrir utan nokkra gesti á Hótel Nordica, gistu á Hótel Loftleiðum og voru þar í fullu fæði. Á Hótel Loftleiðum voru þrjár deildir sem komu að framkvæmd mótsins:

- Gestamóttaka (Katelijne A. M. Beerten ofl.)
- JT Veitingar (Jón Finnur Ögmundsson, Trausti Víglundsson, Kjartan Kjartansson, Sveinn Hreiðar Jensson o.fl.)
- Ráðstefnudeildin (Sigþóra Ósk Þórhallsdóttir og Rannveig Egilsdóttir).

Það var sama um hvað spurt var á Hótel Loftleiðum, öllum var bjargað með bros á vör. Góður rómur var gerður að matnum sem boðið var upp á en það er ekki einfalt að bjóða upp á mat sem öllum líkar þegar svo margir eru saman komnir og af ólíkum uppruna.

Framkvæmd leikja

Framkvæmd leikja gekk í meginatriðum mjög vel. Alltaf má þó gera betur og vissulega komu upp nokkur smáatriði sem hefði mátt gera betur. Það má þó ekki láta slík atriði skyggja á þá staðreynd að umsögn fulltrúa UEFA um framkvæmd leikjanna var mjög jákvæð og almennt voru leikmenn, þjálfarar og aðstandendur liðanna ánægðir með þá aðstöðu sem boðið var uppá. Þegar jafn stórt mót og úrslitakeppni EM fer fram er mikilvægt að eiga gott samstarf við þá aðila sem starfa á keppnisvöllum og var samstarf við þá aðila undantekningalaust til fyrirmyndar. Brugðust þeir ávallt vel við þeim óskum sem fram komu varðandi framkvæmd leikja og undirbúning þeirra.

Keppnisvellir

Um leið og ljóst var á hvaða leikvöllum yrði leikið í keppninni var sett upp net tengiliða við þá sem þar höfðu yfirumsjón og vald til ákvarðanatöku. Á hverjum velli var því einn eða fleiri tengiliðir sem hægt var að hafa samband við hvenær sem var á meðan á mótinu stóð til að tryggja að allar aðstæður sem boðið yrði upp á væru eins og best verður á kosið. Undantekningalaust stóðust þær kröfur sem gerðar voru til vallanna og var almenn ánægja meðal gesta okkar með þá leikvelli sem leikið var á í mótinu.

Aðaltengiliðir á keppnisvöllum:

Akranesvöllur: Þórður Guðjónsson, Ingibjörg Ólafsdóttir, Steindóra Steinsdóttir ofl.

Fylkisvöllur: Örn Hafsteinsson

Grindavíkuvöllur: Ingvar Guðjónsson

Kópavogsvöllur: Ómar Stefánsson, Kári Ársællsson og Bryndís Bjarnadóttir

KR-völlur: Örn Steinsen, Stefán Arnarson og Úlfar Hinriksson

Laugardalsvöllur: Jóhann G. Kristinsson og starfsfólk.

Víkingsvöllur: Örn Ingólfsson og Frank Hall

Leikir á keppnisvöllum:

Eftirtalir leikir fóru fram á keppnisvöllum:

Akranesvöllur: England-Frakkland; Noregur-Danmörk.

Fylkisvöllur: Pólland-England; Noregur-Þýskaland.

Grindavíkurvöllur: Pólland-Spánn; Þýskaland-Ísland.

Kópavogsvöllur: Spánn-Frakkland; Ísland-Danmörk.

KR-völlur: England-Spánn; England-Noregur (undanúrslit).

Laugardalsvöllur: Ísland-Noregur (opnunarleikur); Þýskaland-Frakkland (undanúrslit); Þýskaland-England (úrslitaleikur).

Víkingsvöllur: Danmörk-Þýskaland; Frakkland-Pólland.

Fulltrúar úr stjórn KSÍ voru á öllum leikjum keppinnar og sinntu þar ýmsum störfum, s.s. umsjón með framkvæmd leikja, móttöku gesta o.fl. Þeir stjórnarmenn sem að því komu voru Ástráður Gunnarsson, Geir Þorsteinsson, Guðrún Inga Sívertsen, Ingibjörg Hinriksdóttir, Jakob Skúlason, Jón Gunnlaugsson, Lúðvík Georgsson, Stefán Geir Þórsson, Vignir Már Þormóðsson og Þórarinn Gunnarsson. Þá voru starfsmenn KSÍ á öllum leikjum mótsins og tóku að sér ýmis verkefni s.s. umsjón með framkvæmd leikja, umsjón með boltakrökkum o.s.frv. Starfsmenn KSÍ á leikjum voru Birkir Sveinsson, Gunnar Gylfason, Guðlaugur Gunnarsson, Jóhann Kristinsson, Ómar Smáráson og Þorvaldur Ingimundarson. Að auki komu þau Íris Eysteinsdóttir og Steinn Halldórsson að framkvæmd leikja og eru þeim færðar þakkir fyrir þeirra framlag. Þá er þeim sveitarfélögum, er lánuðu velli undir leiki keppinnar og æfingar þátttökupjóða, færðar þakkir fyrir þeirra framlag. Einnig fá þau félagslið sem lánuðu sína velli kærar þakkir sem og starfsmenn vallanna og aðrir þeir sem komu að leikjunum með einum eða öðrum hætti.

Æfingavellir

Alls létu átta aðildarfélög KSÍ keppnisþjóðunum í té æfingavelli meðan á mótinu stóð. Samstarf við starfsmenn þeirra var frábært og þar þar hvergi skugga á. Mun meira álag var á æfingavöllum heldur en keppnisvöllum, en frábært veður meðan á keppninni stóð hjálpaði til við að létta álagið og voru liðin mjög ánægð með þá aðstöðu sem boðið var upp á. Á það ekki síst við Fjölnisvöll í Grafarvogi og Versalavöll í Kópavogi þar sem álagið var sérstaklega mikið, en liðin sem léku til úrslita æfðu þar lengst allra liða.

Álftanesvöllur: Danmörk (tengiliður: Björgvin Jónússon)

Ásvellir: Spánn (tengiliður: Kjartan Ómar Björnsson og Páll Guðmundsson)

Fjölnisvöllur: Þýskaland (tengiliður: Kristinn Jónsson)

Hofstaðavöllur: Pólland (Ísland og dómara / tengiliður: Sigurður Sv. Þórðarson)

ÍR völlur: Noregur (tengiliður: Jakob Hallgeirsson)

Leiknisvöllur: Ísland (tengiliður: Róbert Arnþórsson)

Varmárvöllur: Frakkland (tengiliður: Ólafur Ólafsson)

Versalavöllur: England og Ísland (tengiliður: Kári Ársælsson)

Þátttaka ungra leikmanna

Allt frá upphafi lagði framkvæmdanefndin áherslu á að vekja áhuga ungra leikmanna á úrslitakeppninni. Megináhersla var lögð á að fá stúlkur frá félögum þar sem leikir í keppninni fóru fram til að taka þátt í þremur verkefnum þ.e. vera fánaberar, fylgdarstúlkur með liðunum inn á völlinn og boltastelpur. Á opnunarleikinn komu 112 stúlkur frá þrótti, en af þeim voru 80 fánaberar, 22 stúlkur fylgdu liðunum inn á völlinn og 10 boltastelpur. Að öllu jöfnu voru þó 8 fánaberar en sami fjöldi af boltastelpum og stelpum sem fylgdu liðunum inn á völlinn. Þátttaka ungra leikmanna þótti takast frábærlega. Þau félög sem leitað var til voru Breiðablik, Fylkir, Grindavík, HK, ÍA, KR, Valur, Víkingur og Þróttur og tóku þau öll mjög vel í að leggja til iðkendur til að sinna þeim verkefnum sem KSÍ óskaði eftir að þau tækju að sér, þ.e. leggja til fánabera, boltakrakka og börn sem fylgdu þjóðunum inn á leikvöllinn í upphafi leiks. Þeir ungu leikmenn sem tóku þátt í þessu fyrir hönd sinna félaga stóðu sig einstaklega vel og voru félögum sínum til sóma. Félögin lögðu einnig til umsjónarmenn með hverjum hóp fyrir sig sem allir stóðu sig með þryði og voru stelpurnar alltaf tilbúnar á réttum tímum uppáklæddar í fatnaðinum sem UEFA lagði til. Allt á þetta fólk þakkir skildar fyrir sitt framlag.

Dómaramál

Magnús Jónsson sá um þann hluta dómaramála sem snéri að KSÍ og má með sanni segja að umfang þess verkefnis hafi komið verulega á óvart. Dómurinum sem komu til landsins í tengslum við mótið var veitt margvísleg þjónusta s.s. sjúkráþjálfun, læknaaðstoð, líkamspjálfun auk þess sem þeir voru sendir í hlaupapróf. Það var því leitað til nokkurra aðila á lokametrunum fyrir mótið til að sinna þessum þáttum og á það fólk sem talið er upp hér á eftir sérstakar þakkir skildar fyrir að bregðast skjótt og vel við.

Sjúkráþjálfarar:

Antonio Grave og Jófríður Halldórsdóttir

Læknir:

Reynir Björn Björnsson

Bílstjórar:

Eyjólfur Ágúst Finnsson, Sigurhjörtur Snorrason, Marína Þóroldsdóttir, Edda Garðarsdóttir og Geir Guðsteinsson.

Ráðgjöf:

Lúkas Kostic

Aðstoð við hlaupapróf:

Bjarni Jóhannsson, Gunnar Gylfason, Þorvaldur Ingimundarson.

Fjölmiðlamál

Yfirumsjón með fjölmiðlamálum höfðu þeir Ómar Smárason og Þorvaldur Ingimundarson. Með góðum fyrirvara fyrir mótið var send beiðni til fjölmiðla um gott samstarf. Umfjöllun fjölmiðla um mótið var mjög góð og kom í raun á óvart. Fjölmiðlar áttuðu sig fljótlega á því að hér var gríðarmikið verkefni á ferðinni. Beinir útsendingar voru frá tveimur af þremur síðustu leikjum mótsins á Eurosport og að loknum hverjum keppnisdegi sinntu fjölmiðlar mótinu vel með góðri umfjöllun um leiki íslenska liðsins og frásögnum af öðrum úrslitum. Mikilvægi góðra samskipta knattspyrnuhreyfingarinnar við fjölmiðla er ákaflega mikilvægt. Fjölmiðlar á Íslandi, hvort sem það voru ljósvakamiðlar eða prentmiðlar, eiga miklar þakkir skildar fyrir að sinna verkefninu vel.

Skiltamál/útgáfumál

Í undirbúningi fyrir mótið komu fram miklar kröfur af hálfu UEFA um allskyns útgáfu í tengslum við mótið. Ómar Smárason, sem hafði samskipti við UEFA vegna þessa leysti málið ákaflega vel og fékk UEFA til að gefa verulega eftir í kröfum sínum vegna mótsins. Ómar hafði einnig umsjón með skiltamálum en í samningi við UEFA var m.a. kveðið á um að ekki mætti sjást í önnur auglýsingaskilti en þau sem tengdust styrktaraðilum mótsins. Tókst að mestu að verða við þeim óskum en oft var erfitt um vik á völlum þar sem mikil og stór auglýsingaskilti umkringja vellina og eru á húsum sem tengjast íþróttasvæðinu um völlinn.

Áhorfendur

Fyrirfram var vitað að fjöldi áhorfenda á leikjum myndi aldrei uppfylla þau skilyrði sem UEFA lagði til í upphaflegum kröfum sínum, til þess er íbúafjöldi á Íslandi einfaldlega ekki nægilega mikill. Engu að síður má segja að raunhæfum væntingum framkvæmdanefndanna hafi verið náð. Alls sáu um 1.700 manns opunarleik Íslands í Laugardal, tæplega 1.000 manns mættu í Kópavog á annan leik Íslands og hátt á sjötta hundrað mætti í Grindavík á þriðja og síðasta leik íslenska liðsins. Fjöldi áhorfenda á aðra leiki í riðlakeppninni var eins og búist hafði verið við, um og í kringum 100. Á undanúrslitaleikina og á úrslitaleikinn sjálfan komu þó umtalsvert fleiri áhorfendur og gera má ráð fyrir að þar hafi á þriðja hundrað manns séð hvern leik.

Félagslegir þættir

Þó mestu skipti á mótum sem þessum að framkvæmd leikja takist eins og best verður á kosið og að allar aðstæður séu til fyrirmyndar þá skiptir það líka miklu máli að nýta það tækifæri sem býðst til þess að efla samstöðu meðal þjóðanna og samvinnu þeirra utan knattspyrnuvallarins. Framkvæmdanefndin efndi til nokkurra opinberra samkvæma. Boðið var í sameiginlegan kvöldverð fyrir leikmenn og aðstandendur liðanna á Hótel Loftleiðum. Þar var gert vel í mat og drykk auk þess sem þangað komu nokkrir af vinsælustu skemmtikröftum Íslands nú um stundir, þær Hara-systur og Jógvan, sigurvegari X-Factor 2007. Bæði þessi atriði mæltust vel fyrir meðal leikmanna og voru þeir óragir við að taka undir með söngvurunum og stíga nokkur dansspor með þeim. Þá bauð borgarstjórnin í Reykjavík forráðamönnum liðanna í móttöku í Höfða og síðan var haldið út í Viðey þar sem snæddur var kvöldverður og menn áttu saman góða stund. Einnig var á lokastigum mótsins haldinn fótþolaleikur og boðið til grillveislu fyrir sjálfboða mótsins og fararstjórn þeirra liða sem léku til úrslita á ÍR-vell. Þar þökkuðu forsvarsmenn UEFA sjálfboðaliðum fyrir vel unnin störf og færðu þeim gjafir í þakklætisskyni.

Loks bauð framkvæmdanefndin öllum sjálfboðaliðum sem að mótinu komu með einum eða öðrum hætti til samkvæmis í höfuðstöðvum KSÍ að mótinu loknu. Þar flutti formaður KSÍ sjálfboðaliðunum, m.a. kveðju formanns UEFA, Michel Platini, þar sem hann þakkar KSÍ fyrir framkvæmdina og sjálfboðaliðunum fyrir þeirra þátt í að mótið tókst jafn vel og raun varð á.

Fjármál

Allt frá upphafi var ljóst að kostnaður við mótið yrði umtalsverður. Það var því mikið fagnaðarefni þegar það náðust samningar við Orkuveitu Reykjavíkur um að Orkuveitan myndi bjóða öllum frítt á völlinn. Ekki aðeins gaf það fastar og fyrirfram ákveðnar tekjur vegna aðgöngumiða heldur dró það einnig verulega úr kostnaði við miðasölu sem að öðrum kosti hefði þurft að fara í. Orkuveitu Reykjavíkur er þakkaður stuðningurinn við mótið. Nú þegar uppgjör vegna mótsins liggur að mestu fyrir er ljóst að KSÍ mun koma ágætlega frá mótinu fjárhagslega og er það mikið gleðiefni fyrir þá sem að mótinu stóðu.

Starfsfólk KSÍ

Eftir mót sem þetta má glögglega sjá að einn mesti fjársjóður knattspyrnuhreyfingarinnar er starfsfólk KSÍ. Starfsfólk á skrifstofu sambandsins á miklar þakkir skildar fyrir framlag sitt til mótsins. Allir voru þeir boðnir og búnir til að aðstoða við mótið á allan hátt. Fremst meðal jafningja fór framkvæmdastjóri mótsins, Klara Ósk Bjartmarz. Mikið mæddi á henni í undirbúningi mótsins og álagið minnkaði ekki eftir að mótið hófst. Enginn starfsmaður færði jafnmiklar fórnir á meðan á mótinu stóð og er það fyrst og fremst Klöru að þakka hversu vel mótið tókst. Eru henni færðar sérstakar þakkir knattspyrnuhreyfingarinnar fyrir framlagið.

Lærdómur

Knattspyrnusamband Íslands getur og á að draga lærdóm af móti sem þessu. Á meðan á mótinu stóð safnaðist saman mikið magn fróðleiks um mótahald af þessari stærðargráðu. Eins og áður er getið má þó gera ýmislegt betur. Má þar í stuttu máli nefna atriði eins og skoðunarferðir fyrir liðin, en hugsanlega hefði átt að skipuleggja skoðunarferðir t.d. á Þingvöll fyrir öll liðin þeim að kostnaðarlausu. Þá má nefna að betra hefði verið að opna fyrir aðgang að internetinu á ákveðnu svæði innan hótelsins þar sem leikmenn gátu komið með tölvurnar sínar og átt samskipti við vini sína og fjölskyldur í sínu heimalandi. Einnig má ætla að betra hefði verið að ljúka við móttöku fyrir fararstjórnir og leikmenn fyrr en gert var. Greinilegt var eftir þessar upptökur hversu einfaldari og léttari samskipti milli þjóðanna voru, en það er ákaflega mikilvægt á móti sem þessu að öll samskipti gangi greiðlega og að menn séu ófeimnir við að eiga samskipti sín á milli, deila upplýsingum og afla þeirra. Eins og áður er nefnt voru nokkrir smávægilegir hnökrar á framkvæmd leikja sem fyrst og fremst snúa að þeim landlæga sið Íslendinga að vera með allt á síðustu stundu. Heilt yfir gekk þó framkvæmd leikja mjög vel og er það mat þeirra sem komu að mótinu að KSÍ ætti að taka framkvæmd þessara leikja til athuganir með tilliti til þess hvort ekki sé hentugt að taka upp þann sið að láta fánabera ganga inn á völlinn á undan liðunum og einnig hvort ekki sé rétt að ungir iðkendur félaga gangi með liðunum inn á völlinn. Að gera það eykur tvímælalaust áhuga þeirra barna sem fá að taka þátt í þessu og sé þessu skipt á milli félaga þá getur það líka aukið áhuga barna að taka þátt. Þau mæta betur á æfingar og þess háttar þar sem oftast eru valin þau börn sem mæta best og sýna framfarir.

Annað

Ógjörningur er að telja upp alla snertifleti mótsins í skýrslu sem þessari. Eins og oft áður þá var í mörg horn að líta og margt sem þurfti að sinna í tengslum við mótið. Má þar nefna upptöku af öllum leikjum og að allur þvottur af liðunum 8, dómurum og starfsmönnum fór í gegnum Úðafoss annarsvegar og í gegnum þvottahús KSÍ hinsvegar. Í Laugardalnum stóðu þær Sigga (Sigríður Sigurðardóttir) og Þura (Þuríður Guðnadóttir) vaktina jafnt að nóttu sem degi og eru þeim færðar þakkir fyrir þeirra framlag.

Lokaorð

Knattspyrnusamband Íslands má vera stolt af framkvæmd úrslitamóts kvennalandsliða skipuðum leikmönnum yngri en 19 ára. Allir þeir sem að mótinu komu hafa í ræðu og riti lýst yfir ánægju með mótið. Hvergi hefur orðið vart við óánægju, hvorki meðan á því stóð né eftir það. Það eitt og sér er

Ársskýrsla KSÍ 2007

afrek sem knattspyrnuhreyfingin á Íslandi getur verið stolt af. Öllum þeim sem að mótinu komu með einum eða öðrum hætti þakka ég þeirra framlag. Samstarfsfólki mínu í framkvæmdanefndinni, þeim Guðrúnu Ingu Sívertsen, Halldóri B. Jónssyni, Kjartani Daníelssyni og Lúðvík S. Georgssyni þakka ég samstarfið og sómann sem þau sýndu mótinu. Það sama á við um alla starfsmenn KSÍ og sérstaklega þá sem sátu flesta fundi nefndarinnar - þau Geir Þorsteinsson fyrrverandi framkvæmdastjóra, Þóri Hákonarson framkvæmdastjóra, Klöru Ósk Bjartmarz skrifstofustjóra og aðra starfsmenn sem komu til fundar þegar þess var óskað.

Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður

Landsleikir á starfsárinu

Nr.	Land	Leikstaður	Dags.	Lið - Keppni	Leikur	Úrslit
1	Portúgal	Lagos	mið. 07. mar	A kvenna - Algarve Cup 2007	Ítalía - Ísland	2-1
2	Portúgal	Lagos	fös. 09. mar	A kvenna - Algarve Cup 2007	Írland - Ísland	1-1
3	Portúgal	Lagos	mán. 12. mar	A kvenna - Algarve Cup 2007	Portúgal - Ísland	1-5
4	Spánn	La Manga	mán. 12. mar	U19 kvenna - La Manga mót	Ítalía - Ísland	2-1
5	Portúgal	Montechoro	mið. 14. mar	A kvenna - Algarve Cup 2007 sæti	Kína - Ísland	1-4
6	Spánn	La Manga	mið. 14. mar	U19 kvenna - La Manga mót	England - Ísland	1-1
7	Spánn	La Manga	fös. 16. mar	U19 kvenna - La Manga mót	Danmörk - Ísland	1-1
8	Portúgal	Nazare	mán. 19. mar	U17 karla - Milliriðill EM 2007	Norður-Írland - Ísland	2-2
9	Portúgal	Obidos	mið. 21. mar	U17 karla - Milliriðill EM 2007	Portúgal - Ísland	0-0
10	Portúgal	Caldas da Rainha	lau. 24. mar	U17 karla - Milliriðill EM 2007	Rússland - Ísland	5-6
11	Spánn	Palma	mið. 28. mar	A karla - EM 2008	Spánn - Ísland	1-0
12	Belgía	Ronse	mið. 02. maí	U17 karla - Úrslit EM B riðill	England - Ísland	2-0
13	Belgía	Ronse	fös. 04. maí	U17 karla - Úrslit EM B riðill	Holland - Ísland	3-0
14	Belgía	Tournai	mán. 07. maí	U17 karla - Úrslit EM B riðill	Belgía - Ísland	5-1
15	England	Southend	fim. 17. maí	A kvenna - VL 2007	England - Ísland	4-0
16	Noregur	Halden	mið. 30. maí	U19 karla - Milliriðill EM 2007	Spánn - Ísland	3-2
17	Grikkland	Apena	fim. 31. maí	A kvenna - EM 2009	Grikkland - Ísland	0-3
18	Noregur	Halden	fös. 01. jún	U19 karla - Milliriðill EM 2007	Noregur - Ísland	4-3
19	Ísland	Laugardalsvöllur	lau. 02. jún	A karla - EM 2008	Ísland - Liechtenstein	1-1
20	Noregur	Halden	mán. 04. jún	U19 karla - Milliriðill EM 2007	Azerbajjan - Ísland	2-5
21	Svíþjóð	Stokkhólmur	mið. 06. jún	A karla - EM 2008	Svíþjóð - Ísland	5-0
22	Ísland	Laugardalsvöllur	lau. 16. jún	A kvenna - EM 2009	Ísland - Frakkland	1-0
23	Svíþjóð	Norrtälje	mán. 18. jún	U19 kvenna - VL 2007	Svíþjóð - Ísland	0-1
24	Ísland	Laugardalsvöllur	fim. 21. jún	A kvenna - EM 2009	Ísland - Serbía	5-0
25	Svíþjóð	Lena	mán. 02. júl	U17 kvenna - NM A riðill	Svíþjóð - Ísland	3-0
26	Svíþjóð	Furnes	þri. 03. júl	U17 kvenna - NM A riðill	Noregur - Ísland	2-0
27	Svíþjóð	Moelv	fim. 05. júl	U17 kvenna - NM A riðill	Holland - Ísland	3-1
28	Svíþjóð	Ottestad	lau. 07. júl	U17 kvenna - NM úrslit	Ísland - Danmörk	1-4
29	Ísland	Laugardalsvöllur	mið. 18. júl	U19 kvenna - Úrslit 2007 - A riðill	Ísland - Noregur	0-5
30	Ísland	Kópavogsvöllur	fös. 20. júl	U19 kvenna - Úrslit 2007 - A riðill	Ísland - Danmörk	1-2
31	Ísland	Grindavíkuvöllur	mán. 23. júl	U19 kvenna - Úrslit 2007 - A riðill	Ísland - Þýskaland	2-4
32	Danmörk	Fredericia	mán. 30. júl	U17 karla - NM B riðill	England - Ísland	2-0
33	Danmörk	Kolding	þri. 31. júl	U17 karla - NM B riðill	Svíþjóð - Ísland	1-0
34	Danmörk	Halsterslev	fim. 02. ágú	U17 karla - NM B riðill	Finnland - Ísland	3-3
35	Danmörk	Hedensted	lau. 04. ágú	U17 karla - NM leikir um sæti	Færeyjar - Ísland	0-3
36	Ísland	Laugardalsvöllur	mið. 22. ágú	A karla - VL 2007	Ísland - Kanada	1-1
37	Ísland	Grindavíkuvöllur	mið. 22. ágú	U21 karla - EM 09 riðlakeppni	Ísland - Kýpur	0-1
38	Slóvenía	Dravograd	sun. 26. ágú	A kvenna - EM 2009	Slóvenía - Ísland	2-1
39	Slóvakía	Senec	fös. 07. sep	U21 karla - EM 09 riðlakeppni	Slóvakía - Ísland	2-2
40	Ísland	Laugardalsvöllur	lau. 08. sep	A karla - EM 2008	Ísland - Spánn	1-1
41	Ísland	Sparisjóðsvöllurinn	lau. 08. sep	U19 karla - VL 2007	Ísland - Skotland	3-0
42	Ísland	Njarðvíkuvöllur	mán. 10. sep	U19 karla - VL 2007	Ísland - Skotland	1-0
43	Ísland	Akranesvöllur	þri. 11. sep	U21 karla - EM 09 riðlakeppni	Ísland - Belgía	0-0
44	Ísland	Laugardalsvöllur	mið. 12. sep	A karla - EM 2008	Ísland - Norður-Írland	2-1
45	Slóvenía	Ptuj	mán. 17. sep	U17 kvenna - Undank. EM 2008	Lettland - Ísland	1-7
46	Slóvenía	Murska Sobota	mið. 19. sep	U17 kvenna - Undank. EM 2008	Slóvenía - Ísland	0-5
47	Slóvenía	Murska Sobota	lau. 22. sep	U17 kvenna - Undank. EM 2008	Úkraína - Ísland	0-3
48	Portúgal	Luso	fim. 27. sep	U19 kvenna - Undank. 2008	Rúmenía - Ísland	0-4
49	Serbía	Kragujevac	fim. 27. sep	U17 karla - Undank. EM 2008	Serbía - Ísland	1-0
50	Portúgal	Oliviera do Bairro	lau. 29. sep	U19 kvenna - Undank. 2008	Grikkland - Ísland	1-4
51	Serbía	Kragujevac	lau. 29. sep	U17 karla - Undank. EM 2008	Ísland - Ísrael	0-3
52	Portúgal	Luso	þri. 02. okt	U19 kvenna - Undank. 2008	Portúgal - Ísland	2-3
53	Serbía	Jagodina	þri. 02. okt	U17 karla - Undank. EM 2008	Litháen - Ísland	0-1
54	England	Doncaster	fös. 12. okt	U19 karla - Undank. EM 2008	England - Ísland	5-1
55	Ísland	Laugardalsvöllur	lau. 13. okt	A karla - EM 2008	Ísland - Lettland	2-4
56	England	Rochdale	sun. 14. okt	U19 karla - Undank. EM 2008	Belgía - Ísland	1-3
57	Ísland	Grindavíkuvöllur	þri. 16. okt	U21 karla - EM 09 riðlakeppni	Ísland - Austurríki	1-1
58	Liechtenstein	Vaduz	mið. 17. okt	A karla - EM 2008	Liechtenstein - Ísland	3-0
59	England	Doncaster	mið. 17. okt	U19 karla - Undank. EM 2008	Ísland - Rúmenía	2-0
60	Þýskaland	Trier	fös. 16. nóv	U21 karla - VL 2007	Þýskaland - Ísland	3-0
61	Belgía	Brüssel	þri. 20. nóv	U21 karla - EM 09 riðlakeppni	Belgía - Ísland	1-2
62	Danmörk	Kaupmannahöfn	mið. 21. nóv	A karla - EM 2008	Danmörk - Ísland	3-0

Landsleikir á árinu - A karla

Landsleikir á árinu - U21 karla

Landsleikir á árinu - U19 karla

Landsleikir á árinu - U17 karla

Úrtökumót KSÍ að Laugarvatni – Drengir f. 1992

Nafn	Félag	Nafn	Félag
Alexander Kostic	KR	Hilmar F Bjartþórsson	Leiknir F
Andri Adolfsson	ÍA	Hjörtur Þórisson	KA
Andri Fannar Freysson	Njarðvík	Hlynur Árni Sigurjónsson	Fjölnir
Andri Rafn Yeoman	Breiðablik	Hrannar B Steingrímsson	Völsungur
Arnaldur Árnason	Fram	Ingimar Elí Sveinsson	Leiftur
Arnar Daði Arnarsson	Haukar	Ívar Jónsson	Gróttá
Arnar Geir Halldórsson	Þór	Jóhann Andri Kristjánsson	Fylkir
Aron Elís Árnason	Njarðvík	Magnús Óli Magnússon	FH
Atli Valur Jóhannsson	KR	Marteinn Gauti Andrason	Haukar
Axel Birgisson	HK	Oddur Máni Malberg	Breiðablik
Árni Arnar Sæmundsson	KA	Orri Gunnarsson	Fram
Árni Arnarsson	Tindastóll	Ólafur Karl Finsen	Stjarnan
Árni Björn Höskuldsson	FH	Óttar Guðlaugsson	Höttur
Árni Freyr Ásgeirsson	Keflavík	Páll Dagbjartsson	Fjölnir
Ásgeir Hallgrímsson	Gróttá	Halldór I. Guðmundsson	Fylkir
Bjarki Eldjárn Kristjánsson	HK	Praveen Gurung	ÍR
Bojan Stefán Ljubicic	Keflavík	Ragnar Már Viktorsson	ÍA
Brynjar Ásgeir Guðmundsson	FH	Róbert Örn Ólafsson	Keflavík
Brynjar Gauti Guðjónsson	Snæfellsne	Rúnar Sigmundsson	Fjölnir
Brynjar Kristmundsson	s	Sigurbergur Elísson	Keflavík
Daníel Benediktsson	Víkingur Ó	Sigurður Egill Lárusson	Víkingur
Daníel Freyr Sigurðsson	þróttur	Sigurður Guðmundsson	Gróttá
Davíð Þór Ásbjörnsson	Víkingur R	Sindri Snær Magnússon	ÍR
Edvard Börkur Óttharsson	Fylkir	Snæþór Guðjónsson	Fylkir
Fannar Örn Kolbeinsson	Valur	Styrmir Árnason	Fjölnir
Freysteinn Þórhallsson	Tindastóll	Styrmir Gauti Fjelsted	Njarðvík
Gísli Magnús Garðarsson	Þór	Torfi Karl Ólafsson	KR
Guðbrandur Benediktsson	Afturelding	Tómas Guðmundsson	Víkingur
Guðmundur Þórarinsson	B-1903	Vignir Daníel Lúðvíksson	FH
Gunnar Oddgeir Birgisson	Selfoss	Víktor Smári Hafsteinsson	Keflavík
Halldór Darri Guðjónsson	FH	Víðir Þorvarðarson	ÍBV
Hilmar Árni Halldórsson	Þór	Zlako Krikic	HK
	Leiknir		

Landsleikir á árinu - A kvenna

Landsleikir á árinu - U19 kvenna

Landsleikir á árinu - U17 kvenna

Skýrsla mótanefndar

Mótanefnd KSÍ var skipuð eftirtöldum: Halldór B. Jónsson, formaður, Atli Heiðar Þórssón, Björn Friðþjófsson, Ingibjörg Hinriksdóttir, Kjartan Daníelsson og Sigvaldi Einarsson. Lúðík Georgsson leysti Halldór B. Jónsson af sem formaður nefndarinnar á miðju ári. Nefndin fundaði fjórum sinnum á árinu, auk fleiri óformlegra funda.

Starfsfólk mótamála var Birkir Sveinsson mótastjóri, Klara Bjartmarz, Halldór Örn Þorsteinsson, Þorvaldur Ingimundarson, Guðlaugur Gunnarsson og Magnús Már Jónsson. Halldór Örn Þorsteinsson hætti störfum 1. júlí og tók Guðlaugur við hans starfi. Magnús hóf störf 1. júlí í nýju starfi dómarastjóra. Halldór og Guðlaugur önnuðust jafnframt mótahald knattspyrnuráðsins í Reykjavík samkvæmt sérstökum samningi KRR og KSÍ og skipulagði Faxaflóamót í yngri flokkum í samvinnu við félagin.

Úrslit leikja og stöðutöflur

Öll úrslit leikja og helstu stöðutöflur móta á vegum KSÍ koma fram í hinni glæsilegu bók Íslensk knattspyrna 2007 eftir Víði Sigurðsson, sem Tindur gefur út. Aðildarfélögum KSÍ hefur verið sent eintak af bókinni.

Flokkun og fjöldi leikja

Umfang mótahalds á vegum KSÍ var svipað og undanfarin ár. Leikjum fækkaði þó lítillega frá fyrra ári sem skýrist aðallega í því að ekki var keppt í Íslandsmótinu innanhúss í meistaraflokki á árinu.

Leikár	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999
Leikir samtals	5.005	5.179	5.120	4.926	4.438	4.535	4.213	3.753	3.860

Fjöldi KSÍ leikja í meistaraflokki

Karlar	2007	2006	2005	2004	2003
Íslandsmót	530	469	452	452	486
Bikarkeppni	64	65	60	60	73
Meistarakeppni	1	1	1	1	1
Deildarbikar	159	153	152	126	126
U23 (áður 1. flokkur)	54	56	50	66	34
Samtals	808	744	715	705	720

Konur	2007	2006	2005	2004	2003
Íslandsmót	175	164	136	135	147
Bikarkeppni	18	15	16	16	14
Meistarakeppni	1	1	1	1	1
Deildarbikar	43	34	39	33	33
Samtals	237	214	192	185	195

Fjöldi KSÍ leikja í yngri flokkum (11 manna lið)

Karlar	2007	2006	2005	2004	2003
Íslandsmót	904	951	868	870	777
Bikarkeppni	55	54	58	58	56
Samtals	959	1005	926	928	833

Konur	2007	2006	2005	2004	2003
Íslandsmót	298	337	304	231	202
Bikarkeppni	30	29	30	13	12
Samtals	328	366	334	244	214

Fjöldi KSÍ leikja í yngri flokkum (7 manna lið)

Karlar	2007	2006	2005	2004	2003
Íslandsmót	769	772	793	760	693
Pollamót	272	301	317	319	184
Samtals	1041	1073	1110	1079	877

Konur	2007	2006	2005	2004	2003
Íslandsmót	496	508	538	460	370
Hnátumót	142	163	147	142	73
Samtals	638	671	685	602	443

Fjöldi landsleikja og Evrópuleikja félagsliða

Karlar	2007	2006	2005	2004	2003
Landsleikir	36	26	31	29	24
Evrópuleikir félagsliða	10	12	10	14	8
Samtals	46	38	41	43	32

Konur	2007	2006	2005	2004	2003
Landsleikir	26	21	16	23	21
Evrópuleikir fél.	6	8	8	3	3
Samtals	32	29	24	26	24

Fjöldi annarra leikja

Karlar	2007	2006	2005	2004	2003
Íslandsmót innanhúss	389	475	557	567	593
Eldri flokkar	115	80	107	125	97
Framhaldsskólámót	71	80	81	81	73
Samtals	575	635	745	773	763

Konur	2007	2006	2005	2004	2003
Íslandsmót inni	296	331	322	308	296
Framh.skólámót	45	43	26	29	38
Samtals	341	374	348	337	334

Skipulag móta í meistaraflokki

Í 1. deild karla var í fyrsta skipti leikið í 12 liða deild. Við það fjölgaði leikjum mótsins um 42, þ.e. úr 90 í 132 sem er rúmlega 46% aukning. Einnig ákvað stjórn KSÍ að Landsbankadeild kvenna væri leikin með 9 liðum í stað 8 liða. Þetta var gert vegna misvísandi skilaboða frá dómstólum íþróttahreyfingarinnar í kærumáli sem kom upp í lok árs 2006. Í 3. deild karla var nauðsynlegt, líkt og undanfarin tvö ár, að víkja frá hefðbundinni skiptingu í riðlakeppni vegna breyttrar þátttöku á landssvæðum. Á síðasta ársþingi var ákveðið að fjölga liðum í Landsbankadeild karla, Landsbankadeild kvenna og 2. deild karla. Í stað hefðbundins flutnings tveggja liða milli hvekkar karladeildar um sig var því flutningur liða milli deilda með eftirfarandi hætti: Eitt lið féll úr Landsbankadeild – Þrjú lið komu upp úr 1. deild. Eitt lið féll úr 1. deild – Þrjú lið komu upp úr 2. deild. Eitt lið féll úr 2. deild – fimm lið komu upp úr 3. deild. Í Landsbankadeild kvenna féll eitt lið – tvö lið komu upp úr 1. deild. Þessi fjölgun liða hafði mikil og jákvæð áhrif á keppni í viðkomandi deildum.

Keppni í Deildarbikar karla og kvenna var með sama sniði og árið áður, nema að því leyti að horfið var til fyrra forms í A deild karla með að 8 lið léku til til úrslita í stað 4 liða árið 2006.

Árleg keppni Íslands- og Færeyjameistara í meistaraflokki karla (Atlantic bikarinn) féll niður á árinu þar sem ekki náðist samkomulag um leikdag.

Aðsókn í Landsbankadeild karla

Glæsilegt áhorfendamet var sett í Landsbankadeild karla keppnistímabilið 2007. Alls mættu 119.644 áhorfendur á leikina 90 í Landsbankadeildinni í ár sem gerir 1.329 áhorfendur að meðaltali á leik. Fyrra áhorfendametið var sett árið á undan þegar 98.026 áhorfendur mættu á leikina, en það gerði að meðaltali 1.076 áhorfendur á leik. Metið var því bætt rækilega enda Landsbankadeildin æsispennandi fram á síðustu mínútu í ár. Flestir áhorfendur mættu á leik FH og Vals í 17. umferð en þá mættu 4.286 áhorfendur í Kaplakrika. Sú umferð dró einnig að sér mesta fjöldann, en 9.105 mættu á leikina í 17. umferð sem er 1.821 að meðaltali á leik. Fæstir mættu á leiki 3. umferðar þegar 4.797 áhorfendur mættu á leikina. Flestir áhorfendur mættu á heimaleiki FH eða 2.306 að meðaltali. Á KR völlinn mættu næstflestir í ár eða 1.873 að meðaltali.

Landsbankadeild karla	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999
Áhorfendur samtals	119.644	98.026	96.332	92.376	92.250	89.660	96.845	80.937	80.762
Meðaltal á leik	1.329	1.089	1.070	1.026	1.025	996	1.076	899	897

Yfir 1.000 áhorfendur mættu að meðaltali á heimaleiki 9 af 10 félögum í Landsbankadeildinni, en lítið vantaði upp á að nýliðar HK næðu þeim áfanga einnig. KR-ingar voru duglegastir að fylgja sínu félagi á útivellina en 1.741 áhorfendur mættu að meðaltali á útileiki KR. Valsmenn komu þar á eftir og HK var með þriðju bestu aðsóknina á útileikjum.

Íslandsmót yngri flokka

Mótahald í yngri flokkum var að mestu með hefðbundnu sniði. Gert var tveggja vikna hlé á mótahaldi um mánaðamótin júlí/ágúst í 4. flokki og yngri aldursflokkum líkt og gert var árið 2006. Fjöldi leikja í 2. flokki kvenna var stillt í hóf þar sem tengsl þess aldursflokks við meistaraflokk kvenna eru gríðarlega mikil, ásamt því að úrslitakeppni EM U19 kvenna fór fram á Íslandi á árinu og hafði áhrif á framboð leikdaga.

462 leikjum annarra móta en meistaraflokks var breytt á keppnistímabilinu 2007 með samþykki mótanefndar. Einnig er vitað um fjölda leikja sem er breytt án þess að samþykki mótanefndar liggi fyrir. Í nokkrum tilfellum hefur gengið svo langt í breytingum að sum félög eru að leika helming leikja í viðkomandi móti í ágúst þar sem þjálfarar liða hafa komist að samkomulagi um að fresta leikjum aftur fyrir sumarfrí yngri flokka, án vitundar forráðamanna viðkomandi félags. Vandamálið er mest þar sem sami þjálfari er að þjálfva marga aldursflokka. Ljóst er félögin þurfa að taka á þessu máli með festu með því að setja þjálfurum skýrar línur í þessum málum.

U23 mót karla

Ársskýrsla KSÍ 2007

Af 16 liðum sem hófu þátttöku í keppni U23 ára liða luku 9 mótinu. Þetta er 4. árið sem þetta mót er haldið og hefur ávallt verið vandamál hjá fjölda liða að klára mótið þrátt fyrir fögur fyrirheit á vordögum. Spurning er hvort hægt sé að breyta fyrirkomulagi mótsins til að það sé auðveldara fyrir félögin að halda úti þessari starfsemi. En ljóst er að við óbreytt ástand er ekki hægt að una.

Íslandsmót í knattspyrnu innanhúss - Futsal

Ákveðið var á árinu að taka upp reglur FIFA í keppni Íslandsmótsins í knattspyrnu innanhúss - Futsal. Helstu breytingar eru þær að leiktíminn er lengri, leikið er á handboltamörk á handboltavelli, með sérstökum innanhússknetti. Mótið 2007 í yngri aldursflokkum var leikið eftir gömlu reglunum, enda kláraðist það í febrúar. Á haustdögum þegar keppni hófst fyrir mótið 2008 var leikið eftir nýju reglunum. Um leið var fyrirkomulagi mótsins í meistaraflokki breytt. Ekki er lengur leikið í hraðmótsformi á einni helgi í Reykjavík. Þess í stað var ákveðið að leika svæðisbundna riðlakeppni með úrslitakeppni í lok janúar 2008. Af þessum sökum féll niður keppni ársins 2007 í meistaraflokki sem undanfarin ár hefur verið haldin í nóvember. Ákveðið var að leika áfram í hraðmótum í yngri aldursflokkum. Reynslan á eftir að skera úr um það hvernig þetta mót þróast en ljóst er að umfang þessa móts er með þeim hætti að ekki er víst að öll félög geti tekið þátt. Flest lönd í Evrópu hafa tekið upp reglur FIFA í knattspyrnu innanhúss og halda úti landsliðum og senda lið í Evrópukeppni félagsliða í Futsal. Spurning hvort sama þróun muni eiga sér stað á Íslandi.

Sett var á stofn sérstök undirnefnd mótanefndar til að vinna að framgangi Futsal á Íslandi og hana skipa Atli Þórsson, formaður, Ásgrímur Helgi Einarsson og Gunnar Magnús Jónsson.

Vanræksla, agabrot og sektir

Í reglugerðum er kveðið á um sektir af ýmsum tilefnum. Að venju voru sektir hæstar vegna agamála og vanrækslu á að skrá úrslit og leikskýrslur í gagnagrunn KSÍ á réttum tíma. Einnig var um verulegar sektir að ræða vegna ólöglegra leikmanna, seinna úrsagna úr mótum, vegna liða sem ekki mættu til leiks og vegna vanskila á leikskýrslum. Í vissum tilfellum ákveða dómstólar KSÍ einnig sektir.

Heildarsektir á félögin voru um 3,2 mkr., en voru um 2,6 mkr. 2006. Til viðbótar ganga kr. 620.000 milli félaga skv. reglugerð vegna liða sem ekki mættu til leiks. Þremur U23 liðum var vísað úr móti samkvæmt reglugerð þar sem viðkomandi lið mætti ekki til leiks í tvígang.

	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000
Fjöldi liða sem hættu þátttöku	30	39	44	33	32	34	31	30
Fjöldi leikja þar sem lið mætti ekki til leiks	14	21	10	11	7	16	12	25

KRR-mót og Faxaflóamót

KSÍ annast skipulagningu þessara umfangsmiklu móta skv. sérstöku samkomulagi. Leikjafjöldi kemur fram í eftirfarandi töflu. Þó nokkur fækkun var á leikjum í KRR mótum sem skýrist af því að haustmót KRR féll niður þar sem unnið var að viðhaldi nokkurra gervigrasvalla í Reykjavík á haustdögum.

Heildarfjöldi leikja	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999
KRR-mót	1750	1.927	2.105	2.075	2.104	1.753	1.295	1.139	1.053
Faxaflóamót	1167	1.065	1.016	1.252	1.131	711			

Bent skal á að héraðssamböndum og öðrum samtökum félaga á landssvæðum stendur til boða þjónusta af hálfu KSÍ - með sama hætti og KRR og Faxaflóafélögin hafa nýtt sér í mótahaldi sínu.

Lokaorð

Mótanefnd KSÍ og starfsfólk mótamála þakkar ánægjulegt samstarf við aðildarfélög sambandsins árið 2007.

Lúðvík S. Georgsson, formaður

Þátttaka í mótum utanhúss 2007 - Fjöldi liða

	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996
Meistaraflokkur karla	68	67	63	63	62	55	53	52	55	57	59	64
U23 karla	9	15	13	16	16	16	12	12	14	9	9	10
Eldri flokkur karla 30+	9	10	10	15	15	17	18	18	18	17	19	22
Eldri flokkur karla 40+	13	15	15	14	10	11						
1. flokkur karla		0	0	0	11	19	14	16	16	18	18	18
2. flokkur karla	30	29	30	29	31	26	30	29	28	26	27	29
2. flokkur karla B lið	5	6	5	3								
3. flokkur karla	36	36	35	40	37	34	33	28	32	31	32	32
3. flokkur karla B lið	16	16	15	13	10	9	5					
3. flokkur karla 7 manna	6	7	3	4	8	9	19	19	23	26	21	26
4. flokkur karla A lið	42	40	43	43	38	38	33	28	29	27	29	32
4. flokkur karla B lið	21	24	27	24	20	14	15	15	11	8	12	13
4. flokkur karla C lið	11	11	0	6	5	6	6					
4. flokkur karla 7 manna	3	15	16	15	14	16	23	29	30	29	31	32
5. flokkur karla A lið	43	49	53	52	58	54	47	46	50	47	44	47
5. flokkur karla B lið	42	45	46	45	46	44	39	41	40	36	37	38
5. flokkur karla C lið	33	28	28	27	23	27	26	25	27	22	19	18
5. flokkur karla D lið	30	23	25	27	19	19	15					
6. flokkur karla A lið	41	40	51	43	46	46	46	45	45	42	44	42
6. flokkur karla B lið	35	38	39	39	35	44	35	34	36	37	36	35
6. flokkur karla C lið	26	24	25	33	25	26	26					
6. flokkur karla D lið	18	22	22	24	25	20	13					
Alls karla	537	560	564	575	554	550	508	437	454	432	437	458
Meistaraflokkur kvenna	24	22	20	21	23	20	17	19	22	21	22	22
2. flokkur kvenna	12	10	11	15	14	13	13	13	13	13	13	16
2. flokkur kvenna 7 manna	3	4	5	10	6	8	6					
3. flokkur kvenna	16	20	22	23	21	17	16	14	14	9	13	21
3. flokkur kvenna 7 manna	13	14	13	18	17	16	16	19	20	20	20	12
4. flokkur kvenna A lið	22	22	22	34	33	33	32	30	27	28	29	25
4. flokkur kvenna B lið	13	9	6	25	19	20	18	15	16	15	15	15
4. flokkur kvenna C lið	0	0	0	11	6	3	5					
4. flokkur kvenna 7 manna	17	18	20									
5. flokkur kvenna A lið	34	32	41	35	27	24	27	29	22	17	20	23
5. flokkur kvenna B lið	26	23	30	32	17	17	22	16	17	11	13	17
5. flokkur kvenna C lið	10	18	15				5					
6. flokkur kvenna A lið	31	32	33									
6. flokkur kvenna B lið	12	25	26									
6. flokkur kvenna C lið	9	7										
Alls kvenna	242	256	264	224	183	171	177	155	151	134	145	151
Alls þátttaka	779	816	828	799	737	721	685	592	605	566	582	609

Sigurvegarar í mótum 2007

Íslandsmót

Landsbankadeild karla	Valur	Landsbankadeild kvenna	Valur
1. deild karla	Grindavík	1. deild kvenna	HK/Víkingur
2. deild karla	Haukar		
3. deild karla	Víðir		
Eldri flokkur karla 30+	Keflavík		
Eldri flokkur karla 40+	Breiðablik		
U23 karla	KR		
2. flokkur karla	Fylkir	2. flokkur kvenna	Breiðablik
2. flokkur karla B-lið	KR	2. flokkur kvenna 7	Valur
3. flokkur karla	KA	3. flokkur kvenna	Breiðablik
3. flokkur karla B-lið	KR		
3. flokkur karla 7 manna	Sindri	3. flokkur kvenna 7 manna	ÍBV
4. flokkur karla	Fylkir	4. flokkur kvenna	FH
4. flokkur karla B-lið	Víkingur	4. flokkur kvenna B-lið	FH
4. flokkur karla C-lið	Fjölnir		
4. flokkur karla 7 manna	Álftanes	4. flokkur kvenna 7 manna	Fram
5. flokkur karla A+B-lið	FH	5. flokkur kvenna A+B-lið	Þór
5. flokkur karla C-lið	Stjarnan	5. flokkur kvenna C-lið	Valur
5. flokkur karla D-lið	Þróttur R		
6. flokkur karla - Pollamót A-lið SV	Breiðablik	6. flokkur kvenna - Hnátumót A-lið SV	ÍR
6. flokkur karla - Pollamót B-lið SV	Breiðablik	6. flokkur kvenna - Hnátumót B-lið SV	Valur
6. flokkur karla - Pollamót C-lið SV	Fylkir	6. flokkur kvenna - Hnátumót C-lið SV	Valur
6. flokkur karla - Pollamót D-lið SV	Fylkir		
6. flokkur karla - Pollamót A-lið NL/AL	Þór	6. flokkur kvenna - Hnátumót A-lið NL/AL	KS
6. flokkur karla - Pollamót B-lið NL/AL	Þór	6. flokkur kvenna - Hnátumót B-lið NL/AL	Tindastóll

Bikarkeppni

VISA-bikar karla	FH	VISA-bikar kvenna	KR
2. flokkur karla	Þór	2. flokkur kvenna	Þór/KA
3. flokkur karla SV	FH	3. flokkur kvenna SV	FH
3. flokkur karla AL/NL	Þór		

Deildarbikarkeppni KSÍ

Meistaraflokkur karla - A deild	FH	Meistaraflokkur kvenna - A deild	Valur
Meistaraflokkur karla - B deild	Afturelding	Meistaraflokkur kvenna - B deild	Þór/KA
Meistaraflokkur karla - C deild	Hvöt	Meistaraflokkur kvenna - C deild	HK/Víkingur

Meistarakeppni KSÍ

Meistaraflokkur karla	FH	Meistaraflokkur kvenna	Valur
------------------------------	----	-------------------------------	-------

Deildarkeppni karla og kvenna 2007

Landsbankadeild karla 2007

	Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1	Valur	18	11	5	2	41 - 20	21	38
2	FH	18	11	4	3	42 - 26	16	37
3	ÍA	18	8	6	4	34 - 27	7	30
4	Fylkir	18	8	5	5	23 - 18	5	29
5	Breiðablik	18	5	9	4	29 - 20	9	24
6	Keflavík	18	5	6	7	26 - 32	-6	21
7	Fram	18	3	7	8	25 - 31	-6	16
8	KR	18	3	7	8	17 - 30	-13	16
9	HK	18	4	4	10	17 - 35	-18	16
10	Víkingur R.	18	3	5	10	15 - 30	-15	14

Landsbankadeild kvenna 2007

	Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1	Valur	16	15	1	0	88 - 7	81	46
2	KR	16	14	1	1	73 - 17	56	43
3	Breiðablik	16	9	2	5	36 - 35	1	29
4	Keflavík	16	7	1	8	30 - 38	-8	22
5	Stjarnan	16	6	3	7	28 - 30	-2	21
6	Fylkir	16	3	4	9	21 - 40	-19	13
7	Fjölur	16	3	4	9	15 - 35	-20	13
8	Þór/KA	16	4	1	11	17 - 52	-35	13
9	ÍR	16	2	1	13	16 - 70	-54	7

1. deild karla 2007

	Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1	Grindavík	22	15	2	5	47 - 21	26	47
2	Þróttur R.	22	15	2	5	47 - 24	23	47
3	Fjölur	22	14	3	5	61 - 29	32	45
4	ÍBV	22	13	5	4	42 - 23	19	44
5	Fjarðabyggð	22	11	4	7	23 - 17	6	37
6	Leiknir R.	22	6	7	9	22 - 27	-5	25
7	Þór	22	6	6	10	33 - 40	-7	24
8	Njarðvík	22	5	8	9	25 - 32	-7	23
9	Stjarnan	22	5	5	12	39 - 44	-5	20
10	Víkingur Ó.	22	5	5	12	22 - 33	-11	20
11	KA	22	5	4	13	14 - 45	-31	19
12	Reynir S.	22	3	7	12	22 - 62	-40	16

2. deild karla 2007

	Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1	Haukar	18	12	6	0	46 - 16	30	42
2	Selfoss	18	11	3	4	39 - 17	22	36
3	KS/Leiftur	18	10	6	2	36 - 17	19	36
4	ÍR	18	8	8	2	40 - 19	21	32
5	Afturelding	18	8	2	8	26 - 23	3	26
6	Höttur	18	7	2	9	25 - 28	-3	23
7	Völsungur	18	7	2	9	22 - 26	-4	23
8	ÍH	18	3	4	11	23 - 38	-15	13
9	Magni	18	3	2	13	15 - 44	-29	11
10	Sindri	18	3	1	14	20 - 64	-44	10

Úrslitakeppni 3. deildar karla

8 liða úrslit – Fyrri leikir

BÍ/Bolungarvík - Gróttu Torfnescvöllur	1-4
Tindastóll - Víðir Sauðárkróksvöllur	2-4
Huginn - Hvöt Seyðisfjarðarvöllur	1-1
Hamar - Leiknir F. Grýluvöllur	2-1

8 liða úrslit – Seinni leikir

Víðir - Tindastóll Garðsvöllur	2-1
Hvöt - Huginn Blönduósvöllur	2-1
Leiknir F. - Hamar Fáskrúðsfjarðarvöllur	2-2
Gróttu - BÍ/Bolungarvík Gróttuvöllur	1-0

Undanúrslit – Fyrri leikir

Gróttu - Hvöt Gróttuvöllur	3-1
Víðir - Hamar Garðsvöllur	3-0

Undanúrslit – Seinni leikir

Hvöt - Gróttu Blönduósvöllur	0-0
Hamar - Víðir Grýluvöllur	0-4

Úrslitaleikir

Víðir - Gróttu Njarðvíkurvöllur	2-0
---------------------------------	-----

Úrslitakeppni 1. deildar kvenna

Undanúrslit – Fyrri leikir

Höttur - HK/Víkingur Vilhjálmsvöllur	3-4
Afturelding - Völsungur Varmárvöllur	2-3

Undanúrslit – Seinni leikir

Völsungur - Afturelding Húsavíkurvöllur	0-3
HK/Víkingur - Höttur Víkingsvöllur	5-1

Úrslitaleikir

Afturelding - HK/Víkingur Varmárvöllur	1-2
--	-----

Afturelding og HK/Víkingur færast úr 1. deild kvenna upp í Landsbankadeild

3. deild karla – Keppni um 5. sæti

Taplíð 8 liða úrslita - Fyrri leikir

BÍ/Bolungarvík - Huginn Skeiðsvöllur	3-1
Tindastóll - Leiknir F. Sauðárkróksvöllur	2-0

Taplíð 8 liða úrslita - Seinni leikir

Leiknir F. - Tindastóll Fjarðabyggðarhöllin	3-2
Huginn-BÍ/Bolungarvík Seyðisfjarðarvöllur	5-3

Leikir um 5. sæti - Fyrri leikir

Tindastóll-BÍ/Bolungarvík Sauðárkróksvöllur	3-0
---	-----

Leikir um 5. sæti - Seinni leikir

BÍ/Bolungarvík-Tindastóll Skeiðsvöllur	2-1
--	-----

Víðir, Gróttu, Hamar, Hvöt og Tindastóll færast úr 3. deild upp í 2. deild

VISA-bikar karla

Forkeppni		
Grundarfjörður - Höfrungur*	Grundarfjarðarvöllur	1-1
Hamrarnir - Snörtur	Boginn	5-1
KFR - Hrunamenn*	Hvolsvöllur	0-0
KB - Kjalnesingar	Leiknisvöllur	4-0
Berserkir - UMFL	Egilshöll	2-0
Álftanes - Augnablik	Stjörnuvöllur	3-1

1. umferð		
Magni - Tindastóll	Grenivíkurvöllur	0-2
Ægir - Berserkir	Þorlákshafnarvöllur	0-1
Skallagrímur - KB	Skallagrímsvöllur	2-1
Ýmir - Hrunamenn	Fagrilundur	3-1
Völsungur - Vinir	Húsavíkurvöllur	4-0
GG - Álftanes	Grindavíkurvöllur	2-3
Árborg - Víðir	Selfossvöllur	1-4
Kári - Gróttá	Akranesvöllur	1-8
Grundarfjörður - Snæfell	Grundarfjarðarvöllur	4-3
Hamar - Hvíti riddarinn	Grýluvöllur	2-1
Hamrarnir - Hvöt	Boginn	2-1
KV - Afríka	KR-völlur	8-0
Dalvík/Reynir - KS/Leiftur*	Dalvíkurvöllur	2-2

2. umferð		
Tindastóll - Völsungur*	Sauðárkróksvöllur	2-2
Höttur - Huginn	Vilhjálmssvöllur	4-1
ÍH - Ýmir	Kaplakrikavöllur	0-1
Gróttá - Berserkir	Gróttuvöllur	2-0
KV - Selfoss	KR-völlur	2-3
Hamar - Álftanes*	Grýluvöllur	0-0
Neisti D. - Sindri	Djúpavogsvöllur	0-3
Hamrarnir - Dalvík/Reynir	Boginn	0-4
Leiknir F. - Boltaf. Norðfj.	Fáskrúðsfjarðarvöllur	3-0
Skallagrímur - Haukar	Skallagrímsvöllur	0-5
Víðir - ÍR	Garðsvöllur	1-3
Afturelding - Grundarfjörður	Varmárvöllur	10-1

3. umferð		
Þór - KA	Akureyrarvöllur	1-0
ÍBV - Afturelding	Hásteinsvöllur	1-0
Gróttá - Reynir S.	Gróttuvöllur	1-2
Hamar - Stjarnan	Grýluvöllur	0-5
Höttur - Fjarðabyggð	Vilhjálmssvöllur	0-2
Leiknir R. - Selfoss	Leiknisvöllur	3-1
Víkingur Ó. - Haukar*	Ólafsvíkurvöllur	6-7
Fjölnir - Njarðvík	Fjölnisvöllur	2-1
ÍR - Grindavík	ÍR-völlur	1-3
Þróttur R. - Ýmir	Valbjarnarvöllur	6-1
Leiknir F. - Sindri	Fáskrúðsfjarðarvöllur	2-1
Dalvík/Reynir - Völsungur	Dalvíkurvöllur	1-0

4. umferð		
ÍBV - Reynir S.	Hásteinsvöllur	10-0
Dalvík/Reynir - Þór	Dalvíkurvöllur	0-4
Stjarnan - Fjölnir	Stjörnuvöllur	2-3
Haukar - Leiknir R.	Ásvellir	3-1
Þróttur R. - Grindavík	Valbjarnarvöllur	1-0
Fjarðabyggð - Leiknir F.	Fjarðabyggðarhöllin	4-1

* Unnu í vítaspyrnukeppni

16-liða úrslit		
Fjarðabyggð - Fjölnir	Eskifjarðarvöllur	3-4
KR - Valur*	KR-völlur	1-1
ÍA - Víkingur R.	Akranesvöllur	2-1
ÍBV - FH	Hásteinsvöllur	0-3
Haukar - Fram*	Ásvellir	2-2
Þróttur R. - Keflavík	Valbjarnarvöllur	0-1
Þór - Fylkir	Akureyrarvöllur	1-4
Breiðablik - HK	Kópavogsvöllur	3-1

8-liða úrslit		
Fylkir - ÍA	Fylkisvöllur	3-1
Breiðablik - Keflavík	Kópavogsvöllur	3-1
Fjölnir - Haukar	Fjölnisvöllur	4-3
Valur - FH	Laugardalsvöllur	0-1

Undanúrslit		
FH - Breiðablik	Laugardalsvöllur	3-1
Fylkir - Fjölnir	Laugardalsvöllur	1-2

Úrslitaleikur		
FH - Fjölnir	Laugardalsvöllur	2-1

VISA-bikar kvenna

1. umferð		
Þróttur R. - Fylkir*	Valbjarnarvöllur	2-2
Höttur - Hamrarnir	Vilhjálmssvöllur	3-0
Tindastóll - Þór/KA	Sauðárkróksvöllur	1-8
ÍR - Fjölnir	ÍR-völlur	1-2
HK/Víkingur - Keflavík	Víkingsvöllur	0-1
GRV - Afturelding	Grindavíkurvöllur	0-4
Haukar - FH	Ásvellir	0-4

2. umferð		
Fylkir - Keflavík	Fylkisvöllur	1-1
ÍBV - Afturelding	Hásteinsvöllur	0-2
Þór/KA - Höttur	Akureyrarvöllur	5-0
Fjölnir - FH	Fjölnisvöllur	10-1

8-liða úrslit		
Þór/KA - KR	Akureyrarvöllur	2-5
Breiðablik - Valur	Kópavogsvöllur	2-1
Stjarnan - Fjölnir	Stjörnuvöllur	1-2
Afturelding - Keflavík	Varmárvöllur	1-2

Undanúrslit		
Keflavík - Fjölnir	Keflavíkurvöllur	3-1
Breiðablik - KR	Kópavogsvöllur	3-7

Úrslitaleikur		
Keflavík - KR	Laugardalsvöllur	0-3

* Unnu í vítaspyrnukeppni

VISA-bikar karla 2007
Útkoma í krónum – Hagnaður eða tap

				Úrslit	Útkoma
16 - liða úrslit					
þri. 10. júl.	19:15	Fjarðabyggð - Fjölirnir	Eskifjarðarvöllur	3-4	-266.000
þri. 10. júl.	19:15	KR - Valur	KR-völlur	1-1	847.200
þri. 10. júl.	19:15	ÍA - Víkingur	Akranesvöllur	2-1	547.680
þri. 10. júl.	19:15	ÍBV - FH	Hásteinsvöllur	0-3	-354.560
þri. 10. júl.	19:15	Haukar - Fram	Ásvellir	2-2	139.200
mið 11. júl	19:15	Þróttur R. - Keflavík	Valbjarnarvöllur	0-1	164.800
mið 11. júl	19:15	Þór - Fylkir	Akureyrarvöllur	1-4	-130.100
mið 11. júl	19:15	Breiðablik - HK	Kópavogsvöllur	3-1	788.120
					1.736.340
8 - liða úrslit					
sun. 12. ágú	18:00	Fylkir - ÍA	Fylkisevöllur	3-1	358.600
sun. 12. ágú	18:00	Breiðablik - Keflavík	Kópavogsvöllur	3-1	311.780
mán. 13. ágú	18:30	Fjölirnir - Haukar	Fjölnisvöllur	4-3	175.200
mán. 13. ágú	20:00	Valur - FH	Laugardalsvöllur	0-1	1.000.560
					1.846.140
4 - liða úrslit					
sun. 2. sept.	16:00	FH - Breiðablik	Laugardalsvöllur	3-1	1.013.813
mán. 3. sept	20:00	Fylkir - Fjölirnir	Laugardalsvöllur	1-2	765.647
					1.779.460
Úrslitaleikur					
lau 6. okt.	14:00	FH - Fjölirnir	Laugardalsvöllur	2-1	1.901.040
					7.262.980

Tölur yfir áhorfendur í Landsbankadeildinni 2007

	KR	Fylkir	Fram	HK	ÍA	Keflavík	Valur	Víkingur	Breiðablik	FH	Alls heima	Meðaltal heima
FH	2.237	2.236	2.850	1.286	2.212	2.166	4.238	1.478	2.052	20.755	20.755	2.306
KR	2.170	1.978	1.477	1.840	1.891	2.225	1.432	1.608	2.238	16.859	16.859	1.873
Valur	1.094	1.137	850	2.352	1.138	916	923	997	997	10.999	10.999	1.222
Fylkir	2.592	943	850	1.676	789	879	878	964	1.372	10.943	10.943	1.216
ÍA	1.480	1.156	634	1.292	1.832	1.182	593	637	1.520	10.326	10.326	1.147
Keflavík	2.330	1.350	1.060	1.849	891	1.843	640	580	1.286	11.829	11.829	1.314
Breiðablik	1.756	1.059	578	2.233	1.004	660	1.250	880	1.003	10.423	10.423	1.158
Víkingur R.	1.141	1.123	1.055	1.630	1.251	700	1.018	655	935	9.508	9.508	1.056
Fram	1.797	716	979	909	781	1.270	897	772	1.219	9.340	9.340	1.038

Ársskýrsla KSÍ 2007

HK	1.241	872	802	██████	861	595	941	725	1.688	937	8.662	962
Alls úti	15.668	11.819	10.750	13.948	11.782	10.330	14.846	8.446	9.953	12.102	119.644	
Meðaltal úti	1.741	1.313	1.194	1.550	1.309	1.148	1.650	938	1.106	1.345		1.329

Skýrsla dómara nefndar

Dómara nefnd KSÍ var skipuð eftirfarandi aðilum: Þórarinn D. Gunnarsson, formaður, Ingi Jónsson, Eyjólfur Ólafsson, Eysteinn Guðmundsson, Kári Gunnlaugsson, Sigurður Hannesson og Vignir Þormóðsson. Nefndin fundaði átta sinnum á árinu, auk annarra óformlegra funda.

Birkir Sveinsson, mótastjóri, annaðist umsjón dómaramála KSÍ. Magnús Már Jónsson kom til starfa um mitt sumar í starf dómara stjóra og mun taka yfir dagleg störf dómara nefndar. Annað starfsfólk mótamála sinnti einnig margvíslegum verkefnum tengdum dómaramálum.

Flokkun A, B og C deildardómara

Sævar Jónsson bættist í A-hóp dómara 2007 og Oddbergur Eiríksson í A-hóp aðstoðardómara. Upp í B-hóp færðust Valgeir Valgeirsson og Frosti Gunnarsson sem dómara og Jóhann G. Gunnarsson og Þorvaldur Árnason sem aðstoðardómara. Nýir C-dómara urðu Elías Már Guðnason, Gylfi Már Sigurðsson, Halldór Breiðfjörð, Magnús Jónasson, Smári Stefánsson og Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson.

Í árslok 2007 var lokið flokkun ABC-dómara fyrir árið 2008. Þóroddur Hjaltalín og Örvar Sær Gíslason munu bæstast í A-hóp dómara og Áskell Þór Gíslason, Jóhann Gunnar Guðmundsson og Jóhann Gunnarsson í A-hóp aðstoðardómara. Guðmundur Á. Guðmundsson, Vilhjálmur A. Þórarinnsson og Þorvaldur Árnason færast upp í B-hóp dómara ásamt því að Gunnar Sv. Gunnarsson kemur aftur í B-hóp dómara eftir að hafa verið á lista A-aðstoðardómara um nokkurra ára skeið. Smári Stefánsson verður B-aðstoðardómari. Nýir C-dómara verða Bjarni Hrannar Héðinsson, Gunnar Jarl Jónsson, Hákon Þorsteinsson, Ingvar Örn Gíslason, Jan Eric Jessen, Sigurhjórtur Snorrason og Þórður Már Gylfason. Í hóp C-aðstoðardómara færast Andri Vigfússon, Eðvarð Eðvarðsson og Jóhann Óskar Þórólfsón.

Fjölgað hefur verið í hópi A, B, og C-dómara undanfarin ár, m.a. vegna aukinna verkefna dómara í þessum hópi. Árið 2007 var fjölgað í 1. deild karla í 12 lið. Þetta þýddi fjölgun um 126 störf hjá dómurum (42 leikir). Árið 2008 verður leikið í 12 liða deildum í Landsbankadeild karla, 1. deild karla og 2. deild karla. Einnig verður leikið í 10 liða deild í Landsbankadeild kvenna. Þessi fjölgun í deildunum 2008 kallar á 408 ný störf dómara og aðstoðardómara. Árið 2008 verða 50 dómara í þessum hópi, en þeir voru 38 árið 2001.

Í lok sumars tilkynntu nokkrir reyndir dómara um starfslok sín. Það voru þeir Egill Már Markússon, Gylfi Þór Orrason, Gísli Hlynur Jóhannsson og Pjetur Sigurðsson. Dómara nefnd KSÍ þakkar þeim fyrir mikilvægt framlag til knattspyrnunnar og vonast til að njóta krafta þeirra í framtíðinni á öðrum sviðum dómaramála.

Störf A, B og C deildardómara

Innlend KSÍ-störf ABC-dómara	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000
• Störf sem dómari	676	680	687	686	655	667	556	555
• Störf sem aðstoðardómari	527	537	606	609	647	612	569	589
• Störf sem varadómari	39	42	36	29	28	32	34	
• Verkefni samtals	1.252	1.259	1.329	1.324	1.330	1.311	1.159	1.144

Sérstakt yfirlit fylgir skýrslunni, sem sýnir nöfn og flokkun dómara, ásamt sundurliðuðum fjölda verkefna í meistaraflokkum, U23 karla og í 2. flokki karla. Ótalin eru þá alþjóðleg störf dómara, leikir í úrslitakeppnum yngri flokka, leikir hjá eigin félögum, æfingaleikir og innanhússmót.

Aðrir KSÍ dómara

Um 70 aðrir dómara (D-hópur) störfuðu einnig við meistaraflokksleiki, þar sem landsdómara er ekki krafist, bæði fyrir KSÍ og beint fyrir félögin. Þetta eru mikilvæg störf sem dómara í 3. deild karla, 1. deild kvenna, svo og sem aðstoðardómara í Landsbankadeild kvenna og í 1. og 2. deild karla. Taflan sýnir fjölda starfa D-dómara í meistaraflokkum karla og kvenna.

Innlend KSÍ-störf D-dómara	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000
• Störf sem dómari	321	283	270	249	297	157	156	170
• Störf sem aðstoðardómari	887	745	742	694	693	694	644	599

Ársskýrsla KSÍ 2007

• Verkefni samtals	1.208	1.028	1.012	948	990	851	800	769
--------------------	-------	-------	-------	-----	-----	-----	-----	-----

Þess ber að geta að D-dómarar sinna einnig fjölda leikja í U23 og 2. flokki karla ásamt því að dæma í yngri flokkum eigin félaga, svo og í æfingaleikjum og leikjum í innanhúsmótum.

Milliríkjadómarar og erlend verkefni

Magnús Þórisson kom nýr inn á lista FIFA dómara 2007. Egill Már Markússon lét af störfum að eigin ósk sem FIFA dómari eftir langan og farsælan feril. Oddbergur Eiríksson kom nýr á lista yfir FIFA aðstoðardómara. Þjetur Sigurðsson lét af störfum sem aðstoðardómari að eigin ósk eftir að hafa átt við þrálát meiðsli að stríða. Íslenskir dómarar á milliríkjalista FIFA voru þessir árið 2007:

<u>FIFA-dómarar</u>	Garðar Örn Hinriksson Kristinn Jakobsson	Jóhannes Valgeirsson Magnús Þórisson
<u>FIFA-aðstoðardómarar</u>	Einar Sigurðsson Gunnar Sv. Gunnarsson Ingvar Guðfinnsson Sigurður Óli Þórleifsson	Eyjólfur Finnsson Gunnar Gylfason Oddbergur Eiríksson

Kristinn Jakobsson var á árinu færður í næst efsta styrkleikaflokk dómara hjá UEFA, en íslenskur dómari hefur aldrei áður komist í þennan flokk. Samfara þessari flokkun fjölgaði alþjóðlegum verkefnum Kristins. Í lok árs var tilkynnt að Kristinn myndi starfa í úrslitakeppni EM 2008 í Austurríki og Sviss sem fjórði dómari. Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskur dómari starfar í lokakeppni stórmóts A-landsliða.

Öll alþjóðleg verkefni íslenskra dómara árið 2007 koma fram í sérstöku yfirliti.

Norræn dómarskipti

Norræn dómarskipti hófust árið 2005 í þeim tilgangi að auka þekkingu og reynslu ungra og efnilegra dómara. Eyjólfur Magnús Kristinsson tók þátt í samstarfinu 2007 og dæmdi í næst efstu deildum í Noregi og Finnlandi, einn leik í hvoru landi. Á Íslandi dæmdu Petur Reinert frá Færeyjum og Kim Rune Østerlie Borgersen frá Noregi sinn leikinn hvor í 1. deild karla.

Æfingaferðir dómara

12 dómarar fóru til Portúgals, Spánar og Tyrklands í viku í mars og apríl og dæmdu leiki íslenskra liða sem þar voru í æfingaferðum á vegum Úrvals Útsýnar.

Þrekæfingar dómara

Ákveðið var að fjölga þrekæfingum dómara. Strax frá áramótum hófust æfingar undir leiðsögn Egils Eiðssonar á höfuðborgarsvæðinu svo og þremur aðstoðarmönnum hans sem staðsettir voru á Akureyri, Akranesi og í Reykjanesbæ. Hann sá um að semja æfingaáætlun sem dómurum bar að fylgja eftir. Æft var tvisvar í viku undir leiðsögn þjálfara. Að öðru leyti æfðu dómarar sjálfir. Ljóst er að þessar æfingar skiluðu dómurum almennt í betra formi en áður hefur þekkt. Hið nýja þrekpróf, sem FIFA hafði skipað fyrir að notað yrði til að mæla þol dómara, var því nánast engin fyrstaða þegar upp var staðið. Ljóst er þó að nokkrir dómarar þurfa að taka sig á hvað þetta varðar.

Landsdómaramálefna og fræðslufundir

Ákveðið var að fjölga fundum með dómurum á árinu. Árleg ráðstefna fyrir deildardómara KSÍ fór fram í lok apríl og var haldin í Hveragerði. Erlendur fyrirlesari var að þessu sinni Alan Snoodý frá Írlandi. Tveir fundir voru haldnir með dómurum úr A-hópi á keppnistímabilinu til að fara yfir það sem betur mátti fara í dómgaeslunni. Einnig var haldin í fyrsta skipti ráðstefna með öllum landsdómurum í nóvember. Fræðslufundir fyrir aðra KSÍ dómara voru haldnir að vori í Reykjavík og á Akureyri.

Unglingadómaramámskeið

Í febrúar, maí og nóvember voru haldin dómaramámskeið með hefðbundnum hætti í gegnum vef KSÍ með skriflegu prófi í lokin. Einnig voru haldin námskeið hjá þeim félögum sem þess óskuðu. Þá buðu Verkmenntaskólinn á Akureyri og KHÍ upp á unglingadómaramámskeið sem valfag. Aldrei hafa

Ársskýrsla KSÍ 2007

jafnmargir verið útskrifaðir á einu ári, en 268 luku prófi - 70 konur og 198 karlar. Þróun síðustu ára hefur verið þessi:

	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000
Fjöldi nýrra unglingsdómara	268	227	169	167	165	104	140	92

Ráðstefnur og námskeið erlendis

Fundur norrænu dómara nefndanna er haldinn annað hvert ár og var að þessu sinni haldin á Álandseyjum í lok ágúst. Fundinn sóttu Þórarinn Gunnarsson, Ingi Jónsson, Eyjólfur Ólafsson og Magnús Már Jónsson. Ingi Jónsson fór á tvo fundi hjá UEFA varðandi kennslu í knattspyrnulögunum og um eftirlitsmál. Magnús Már Jónsson og Ingi Jónsson sóttu fund í boði danska knattspyrnu-sambandsins um menntun dómara. Kristinn Jakobsson sótti fundi í boði enska knattspyrnusambandsins með þarlandum úrvalsdeildardómurum

Eftirlit með leikjum og störfum dómara

Eftirlitsmenn sem störfuðu við 322 leiki í landsdeildum og bikarkeppni 2007 voru alls fjörutíu og einn. Siluðu þeir skýrslum um framkvæmd leikja, frammistöðu dómara og um háttvísi í Landsbankadeild karla. Fundir með eftirlitsmönnum voru haldnir að vori í Reykjavík og á Akureyri.

Kostnaður vegna dómgaeslu og eftirlits 2007

Útgjöld KSÍ vegna dómgaeslu 2007 voru 39,2 Mkr, en þar af greiddu félögin um 9,6 Mkr vegna ferða og uppihalds dómara (jöfnunarsjóðir). Stærsti liðurinn var að venju launagreiðslur til dómara (ásamt tryggingargjaldi og framlagi í lífeyrissjóð) 20,5 Mkr. Hér er um gríðarlega hækkun að ræða en 2006 var þessi upphæð 14,2 Mkr. Nýr samningur var gerður við dómara fyrir þetta keppnistímabil sem skýrir hækkunina. Til viðbótar kom kostnaður að upphæð 2,1 Mkr vegna eftirlits KSÍ á leikjum (ferðir og uppihald), en þar voru ekki greidd laun.

Dómarasáttmáli UEFA

Áfram var unnið að umsókn KSÍ að dómarasáttmála UEFA samþykkt. Þórarinn Gunnarsson, Birkir Sveinsson og Magnús Már Jónsson sóttu undirbúningsfund um málið í höfuðstöðvum UEFA í byrjun júní. Í október kom svo fjögurra manna sendinefnd frá UEFA til að taka út dómaramál hér á landi. Í lok nóvember bárust þau skilaboð að Ísland væri í hópi fimm landa sem frestað var að samþykkja inn að þessu sinni, en átta lönd höfðu hafið undirbúningsferlið. Það voru vonbrigði að hafa ekki náð að klára þetta á árinu en áfram verður unnið að því að fá umsóknina samþykkt.

Dómgaesla í knattspyrnu innanhúss

Haustið 2007 var byrjað að leika eftir nýjum reglum í knattspyrnu innanhúss. Um er að ræða reglur FIFA og ber alþjóðlega heitið Futsal. Birkir Sveinsson og Þorvaldur Ingimundarson fóru um landið og kynntu þessar nýju reglur ásamt því að gefa út þýðingu á Futsal knattspyrnulögunum.

Lokaorð

Dómaranefnd KSÍ og starfsfólk dómaramála þakkar aðildarfélögum KSÍ, forráðamönnum þeirra, dómurum og eftirlitsmönnum ánægjulegt samstarf árið 2007.

Þórarinn Gunnarsson, formaður

Flokkun og verkefni deildardómara KSÍ

Alþjóðleg verkefni íslenskra dómara

Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar

Á ársþingi KSÍ í febrúar 2007 voru samþykkt ný lög fyrir KSÍ og ein af þeim breytingum sem því fylgdi var nýtt skipulag aga- og úrskurðarmála. Á þinginu voru eftirtaldir skipaðir í nefndina: Kolbeinn Árnason, formaður, Gunnar Guðmundsson, varaformaður, Halldór Frímansson, varaformaður, Einar M. Árnason, Helgi R. Magnússon, Sigrún S. Óttarsdóttir og Sigurður Ingi Halldórsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Klara Bjartmarz og Ragnheiður Elíasdóttir. Nefndin fundaði 25 sinnum á árinu.

Þann 23. apríl 2007 samþykkti stjórn KSÍ nýja reglugerð um aga- og úrskurðarmál og starfaði nefndin samkvæmt þeirri reglugerð. Helstu breytingar á starfsviði nefndarinnar er að nú hefur aga- og úrskurðarnefnd tvíþætt meginhlutverk, annars vegar agamál og hins vegar er nefndin úrskurðaraðili á fyrsta dómstigi. Nefndin starfar sjálfstætt innan KSÍ en hefur sér til aðstoðar starfsmenn skrifstofu KSÍ.

Agamál

Meðaltal gulra og rauðra spjalda í leikjum í 11 manna knattspyrnu var svo til óbreytt frá árinu 2006 til 2007. Meðaltal gulra spjalda var það sama, eða 1,96 í leik, en meðaltal rauðra spjalda hækkaði lítillega úr 0,18% í 0,19%.

Valur var þrjúasta liðið í Landsbankadeild kvenna síðastliðið keppnistímabil, en liðið hlaut 10 gul spjöld í leikjum sínum í deildinni og ekkert rautt spjald. Í heild voru veitt 147 gul spjöld í deildinni og 11 rauð. Þetta er fjölgun á spjöldum frá 2006, en það ár voru veitt 76 gul spjöld og 6 rauð.

Gulum og rauðum spjöldum í Landsbankadeild karla fækkaði umtalsvert á milli ára. Á síðasta tímabili voru veitt 307 gul spjöld eða 3,41 að meðaltali í leik, en þau rauðu voru 20 eða 0,22 að meðaltali í leik. Árið 2006 voru veitt 346 gul spjöld í deildinni (3,84 í leik) og 28 rauð (0,31).

Drago-stytturnar eru veittar þrjústu liðunum í tveimur efstu deildum karla. Valur hlýtur Drago-styttuna fyrir árið 2007 á grundvelli háttvísímats eftirlitsmanna KSÍ en gul og rauð spjöld vega þungt í því mati. Fjarðabyggð hlýtur styttuna í 1. deild karla á grundvelli fjölda gulra og rauðra spjalda.

Sektir vegna refsistiga og brottvísunar þjálfara og forystumanna námu 533 þúsund kr. árið 2007 sem er hækkun frá árinu á undan (524 þúsund). Jafnframt er sektarákvæðum m.a. beitt vegna ónógrar gæslu og vegna ósæmilegrar hegðunar þjálfara, forystumanna og aðstandenda. Á árinu var fimm sinnum sektað vegna þessa, samtals kr. 70.000.- en árið 2006 námu þessar sektir 170.000.- krónum.

Kærumál

Árið 2007 bárust 10 kæur til Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ og eins og svo oft áður var í flestum tilfellum um að ræða mál sem komu upp vegna gruns kæranda um ólöglega skipuð lið eða ólöglega leikmenn. Engum úrskurði nefndarinnar í þessum málum var áfrýjað til áfrýjunardómstóls KSÍ en hins vegar var einum úrskurði nefndarinnar í agamálum vísað til dómstólsins, en nú er í fyrsta sinn heimilt að áfrýja ákveðnum agaúrskurðum nefndarinnar til dómstólsins.

Lokaorð

Samstarfsmönnum í Aga- og úrskurðarnefnd og starfsmönnum nefndarinnar, er þakkað gott samstarf á árinu, sömuleiðis stjórnarmönnum KSÍ, dómurum, eftirlitsmönnum, leikmönnum og forystumönnum félaga.

Kolbeinn Árnason, formaður

Ársskýrsla KSÍ 2007

Sektir aganefndar vegna refsistiga og brottvikninga af varamannabekk

Afríka	26.000	Höttur	16.000	Sindri	20.000
Afturelding	7.000	ÍA	7.000	Skallagrímur	16.000
Augnablik	2.000	ÍBV	2.000	Snæfell	8.000
Álftanes	6.000	ÍH	10.000	Snæfellsnes	5.000
Berserkir	12.000	ÍR	14.000	Snörtur	2.000
Breiðablik	16.000	KA	4.000	Stjarnan	20.000
Breiðablik/Augnablik	1.000	Kári	6.000	Valur	18.000
FH	5.000	KB	2.000	Vinir	2.000
Fjölnir	14.000	Keflavík	13.000	Víðir/Reynir	2.000
Fram	13.000	KFS	4.000	Víkingur Ó.	6.000
Fylkir	22.000	KR	2.000	Víkingur R.	16.000
Grindavík	12.000	KS/Leiftur	2.000	Víkingur/Berserkir	13.000
Grindavík/Reynir	2.000	KV	18.000	Völsungur	1.000
Gróttá	2.000	Leift/KS/Dalv	1.000	Ýmir	10.000
GRV	20.000	Leiknir R.	22.000	Þór	19.000
Hamar	2.000	Magni	8.000	Þór 2	5.000
Haukar	1.000	Njarðvík	7.000	Þór/KA	5.000
HK	5.000	Reynir S.	24.000	Þróttur R.	26.000
Hvíti riddarinn	4.000	Selfoss	5.000	Samtals	533.000

Fjöldi spjalda í mótum 2007

Fjöldi spjalda í mótum 2006

Mót	Fjöldi leikja	Gul	Rauð	Meðalt. gul	Meðalt. rauð	Mót	Fjöldi leikja	Gul	Rauð	Meðalt. gul	Meðalt. rauð
Landsbankadeild karla	90	307	20	3,41	0,22	Landsbankadeild karla	90	346	28	3,84	0,31
1. deild karla	132	496	54	3,76	0,41	1. deild karla	90	312	27	3,47	0,30
2. deild karla	90	304	28	3,38	0,31	2. deild karla	90	349	21	3,88	0,23
3. deild karla A	56	185	13	3,30	0,23	3. deild karla A	56	226	30	4,04	0,54
3. deild karla B	56	225	22	4,02	0,39	3. deild karla B	42	153	16	3,64	0,38
3. deild karla C	45	191	15	4,24	0,33	3. deild karla C	45	185	14	4,11	0,31
3. deild karla D	42	139	5	3,31	0,12	3. deild karla D	42	171	21	4,07	0,50
3. deild karla úrslit	13	44	4	3,38	0,31	3. deild karla úrslit	14	48	8	3,43	0,57
3. deild karla aukaleikir	6	17	2	2,83	0,33						
VISA-bikar karla	64	246	12	3,84	0,19	VISA-bikar karla	65	242	22	3,72	0,34
Deildarbikar karla	159	518	68	3,26	0,43	Deildarbikar karla	153	492	43	3,22	0,28
Landsbankadeild kvenna	72	147	11	2,04	0,15	Landsbankadeild kvenna	56	76	6	1,36	0,11
1. deild kvenna A	56	61	6	1,09	0,11	1. deild kvenna A	56	59	5	1,05	0,09
1. deild kvenna B	42	47	6	1,12	0,14	1. deild kvenna B	45	49	2	1,09	0,04
1. deild kvenna úrslit	5	7	0	1,40	0,00	1. deild kvenna úrslit	5	1	0	0,20	0,00
VISA-bikar kvenna	18	31	1	1,72	0,06	VISA-bikar kvenna	15	23	1	1,53	0,07
Deildarbikar kvenna	43	42	3	0,98	0,07	Deildarbikar kvenna	34	39	4	1,15	0,12
						Landsbankadeild kv. aukal.	2	8	1	4,00	0,50
Meistarakeppni KSÍ	2	4	0	2,00	0,00	Meistarakeppni KSÍ	2	3	0	1,50	0,00
U23 karla	54	88	7	1,63	0,13	U23 karla	56	126	7	2,25	0,13
2. flokkur karla	212	612	71	2,89	0,33	2. flokkur karla	219	646	57	2,95	0,26
3. flokkur karla	314	476	58	1,52	0,18	3. flokkur karla	341	564	51	1,65	0,15
4. flokkur karla	378	220	24	0,58	0,06	4. flokkur karla	391	203	16	0,52	0,04
2. flokkur kvenna	60	44	6	0,73	0,10	2. flokkur kvenna	58	60	5	1,03	0,09
3. flokkur kvenna	78	32	4	0,41	0,05	3. flokkur kvenna	135	64	7	0,47	0,05
4. flokkur kvenna	160	8	4	0,05	0,03	4. flokkur kvenna	144	17	3	0,12	0,02
2. flokkur karla bikar	28	87	8	3,11	0,29	2. flokkur karla bikar	25	75	12	3,00	0,48
3. flokkur karla bikar	27	40	2	1,48	0,07	3. flokkur karla bikar	29	54	10	1,86	0,34
2. flokkur kvenna bikar	13	8	2	0,62	0,15	2. flokkur kvenna bikar	12	9	1	0,75	0,08
3. flokkur kvenna bikar	17	8	1	0,47	0,06	3. flokkur kvenna bikar	17	8	0	0,47	0,00
Eldri flokkur karla	37	3	0	0,08	0,00	Eldri flokkur karla	26	7	0	0,27	0,00
Samtals	2369	4637	457	1,96	0,19	Samtals	2355	4615	418	1,96	0,18

Drago-styttur

Landsbankadeild karla

Háttvísimat eftirlitsmanna 2007

Röð	Félag	Einkunn
1	Valur	7,97
2	Fram	7,93
3	FH	7,90
4	Víkingur R.	7,84
5	ÍA	7,72
6	Breiðablik	7,72
7	HK	7,58
8	Fylkir	7,51
9	Keflavík	7,51
10	KR	7,51

Gul og rauð spjöld

Lið	Gul	Rauð	Refsistig
Valur	23	0	23
FH	23	2	31
Fram	29	1	33
Víkingur R.	26	3	38
ÍA	29	3	41
Breiðablik	34	2	42
HK	39	1	43
Fylkir	33	3	45
Keflavík	29	4	45
KR	42	1	46

Valur hlaut Drago-styttuna í Landsbankadeild karla á grundvelli háttvísimats eftirlitsmanna KSÍ, en rauð og gul spjöld vega þungt í því mati.

1. deild karla

Gul og rauð spjöld

Lið	Gul	Rauð	Refsistig
Fjarðabyggð	27	2	35
Fjölur	24	5	44
Grindavík	32	4	48
Njarðvík	37	3	49
KA	42	4	58
Stjarnan	31	7	59
Víkingur Ó.	43	4	59
Leiknir R.	47	5	67
ÍBV	58	3	70
Þór	46	6	70
Þróttur R.	53	5	73
Reynir S.	56	6	80

Handhafi Drago-styttunnar í 1. deild karla 2007 er Fjarðabyggð.

Skýrsla háttvísinefndar

Valur var prúðasta liðið í Landsbankadeild karla samkvæmt háttvísimati eftirlitsmanna KSÍ. Háttvísimatið tekur mið af eftirfarandi atriðum: Fjölda áminninga og brottvísana, sóknarleik (jákvæður leikur) og framkomu leikmanna við mótherja og dómara. Einnig er lagt mat á framkomu liðsstjórnar og áhorfenda.

Í Landsbankadeild kvenna var Valur prúðasta liðið, en þar var stuðst við fjölda spjalda á lið í mótinu.

Háttvísinefnd valdi Guðmund Benediktsson, Val, prúðasta leikmanninn í Landsbankadeild karla og Katrínu Jónsdóttur, Val, prúðasta leikmanninn í Landsbankadeild kvenna. Guðmundur og Katrín eru bæði þekkt fyrir prúðmennsku og háttvísi innan vallar sem utan.

Að vali nefndarinnar komu meðal annars landsliðsþjálfarar KSÍ og Víðir Sigurðsson blaðamaður. Klara Bjartmarz var starfsmaður nefndarinnar. Háttvísinefnd kom einu sinni saman á árinu.

Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ 2007 skipuðu Stefán Geir Þórisson, formaður, Lúðvík S. Georgsson og Steinar Þór Guðgeirsson. Varamenn voru Guðmundur H. Pétursson, Jóhann Albertsson og Örn Gunnarsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Birkir Sveinsson og Klara Bjartmarz. Nefndin fundaði fimm sinnum á árinu.

Leikmannasamningar

Fj. í gildi 15/01/08	Fjöldi skráðra samninga*	2007		2006		2005		2004		2003	
		Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga
291	Landsbankadeild karla	153	10	211	10	168	10	119	10	126	10
141	1. deild karla	90	11	123	10	103	10	79	10	78	8
36	2. deild karla	25	5	50	7	60	9	44	7	18	3
28	3. deild karla	28	3	9	1	1	1	0	0	1	1
129	Landsbankadeild kv.	92	8	57	7	65	7	48	6	53	6
58	1. deild kvenna	50	5	11	3	47	4	14	2	16	1
411	Leikmannssamningar	245	29	297	23	221	17	179	18	189	18
272	Sambandsamningar	193	29	164	23	223	22	111	20	102	16

* Fjöldi skráðra samninga á árinu er ekki það sama og fjöldi leikmanna á samningi.

Breytingar á reglugerðum um leikmannasamninga og félagaskipti

Þann 1. júlí tók gildi ný reglugerð fyrir félagaskipti og samninga leikmanna. Nokkrar viðamiklar breytingar voru gerðar er varða samninga leikmanna og félagaskipti. Helstu breytingar voru þessar:

- Reglugerðir um félagaskipti og samninga leikmanna voru sameinaðar í eina reglugerð.
- Tvö félagaskiptatímabil voru sett inn í reglugerðina til samræmis við reglur FIFA sem gilda fyrir samningsbundna leikmenn og leikmenn í meistaraflökki.
- Leikmönnum er einungis heimilt að leika með tveimur félögum á tímabilinu 1. júlí til 30. júní árið eftir til samræmis við reglur FIFA, en þó heimilar reglugerðin viss frávik.
- Öll samningsákvæði milli félags og leikmanns skulu koma fram í staðalsamningi KSÍ. Ekki er lengur heimilt að tilgreina fylgiskjöl við leikmannasamninga.

Í desember 2007 setti stjórn KSÍ bráðabirgðarákvæði sem heimilar leikmönnum sem fá keppnisleyfi 20. febrúar að leika með viðkomandi félögum í héraðsmótum og í keppni innanhúss fyrir þann tíma.

Málum vísað til nefndarinnar

Flest ágreiningsefni sem upp koma eru leyst af skrifstofu KSÍ eða einstökum nefndarmönnum. Nokkuð var þó um að málum væri vísað til nefndarinnar til formlegrar úrlausnar. Eftirfarandi mál fengu formlega meðhöndlun:

Ársskýrsla KSÍ 2007

Róbert Magnússon gegn FH

Í lok árs 2006 sendi Róbert Magnússon inn erindi til nefndarinnar um að hún fjallaði um leikmannssamning hans við FH sem var gerður í febrúar 2003. FH taldi að þessi samningur væri ekki gildur þar sem hann hefði tilkynnt FH haustið 2002 að hann væri hættur knattspyrnuíðkun. Þar sem samningurinn var gerður í febrúar 2003 og Róbert kom fram á leikskýrslu hjá FH eftir að samningurinn var gerður úrskurðaði nefndin að samningurinn væri skuldbindandi fyrir báða aðila. Nefndin fjallaði ekki um upphæð bóta.

Buddy Farah gegn Keflavík

Buddy Farah sendi erindi til nefndarinnar og óskaði eftir því að mál hans gegn Keflavík væri tekið upp aftur og að nefndin myndi úrskurða um upphæð bóta. Nefndin hafði kveðið upp úrskurð í málinu árið 2006. Nefndin taldi að ekki væru forsendur fyrir endurupptöku málsins.

Leiftur vegna óska um félagaskipti

Í lok júlí, eftir að ný reglugerð um félagaskipti tók gildi, óskaði Leiftur eftir heimild til tímabundinna félagaskipta fyrir Orra Rúnarsson. Framkvæmdastjóri KSÍ hafði áður hafnað þessum félagaskiptum á grundvelli þess að Orri hafði áður haft félagaskipti á tímabilinu. Nefndin taldi að ekki væri hægt að heimila þessi félagaskipti. Nefndin beindi því hins vegar til stjórnar KSÍ að setja inn í reglugerð um samninga og félagaskipti ákvæði sem veitir rýmri heimild til tímabundinna félagaskipta til samræmis við sams konar ákvæði í eldri reglugerð.

Ósk um gerðadóm

Róbert Magnússon óskaði eftir því að skipaður yrði gerðardómur í máli hans gegn FH til að úrskurða um upphæð bóta. Nefndin taldi sig ekki hafa heimild til að skipaður yrði gerðadómur í málinu þar sem nefndin hafði áður tekið málið til efnislegrar meðferðar.

Umboðsmenn

Tveir nýir umboðsmenn tóku til starfa árið 2007. Á árinu voru því starfandi fimm umboðsmenn - þeir Arnór Guðjohnsen, Guðlaugur Þór Tómasson, Magnús Agnar Magnússon (nýr), Ólafur Garðarsson og Unnar Steinn Bjarndal (nýr). Alls voru 28 umboðsmannasamningar (samningur leikmanns við umboðsmann) skráðir hjá skrifstofu KSÍ á árinu. Fjórir einstaklingar tóku umboðsmannapróf á árinu en enginn þeirra stóðst prófið.

Félagaskipti

Fjöldi félagaskipta í ár var 1.639 sem er fjölgun um 49 frá fyrra ári. Aukning í félagaskiptum er mikil sl. ár, en að hluta til má skýra fjölgunina með tilkomu nýrra liða í deildarkeppni. Líkt og á síðasta ári þurfti starfsfólk KSÍ að grípa inn í nokkur mál þar sem forráðamenn félaga neituðu leikmönnum um félagaskipti. Í flestum tilfellum leystust slík mál á farsælan hátt. Engin undanþága var veitt vegna félagaskipta markvarða.

	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000
Fjöldi félagaskipta	1688	1.639	1.427	1.246	1.257	1.078	1.096	1.105

Lokaorð

Öðrum nefndarmönnum, starfsmönnum nefndarinnar svo og öðru starfsfólki KSÍ vil ég þakka gott samstarf.

Stefán Geir Þórisson, formaður

Skýrsla fræðslunefndar

Í fræðslunefnd sátu eftirtaldir starfsárið 2007-2008: Ingibjörg Hinriksdóttir formaður, Ástráður Gunnarsson, Guðni Kjartansson, Kjartan Daníelsson, Sigurður Þórir Þorsteinsson og Örn Ólafsson. Starfsmaður nefndarinnar var Sigurður Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóri KSÍ. Nefndin hélt 3 bókaða fundi á starfsárinu auk fjölda óformlegra funda og voru eftirfarandi mál efst á baugi á árinu.

Þjálfaramenntun

Alls luku 58 þjálfarar við KSÍ A þjálfaragráðu, þessi mikli fjöldi setti svip sinn á árið, en það tók alls 4 mánuði að afgreiða þennan fjölmenna hóp.

Þeir Jón Steindór Þorsteinsson og Ríkarð Bjarni Snorrason íþróttafræðinemar gerðu mjög nákvæma úttekt á menntun knattspyrnuþjálfara á Íslandi sumarið 2006 að beiðni KSÍ. Upplýsingar um alla starfandi þjálfara á landinu voru settar inn í gagnagrunn sambandsins. Í úttekt þeirra kom m.a. fram að 575 þjálfarar störfuðu við knattspyrnuþjálfun á Íslandi sumarið 2006. Þar af voru 480 karlar (83,5%) og 95 konur (16,5%). Af þessum 575 þjálfurum voru 382 aðalþjálfarar, 154 aðstoðarþjálfarar, 24 yfirþjálfarar og 15 markmannsþjálfarar. Samkvæmt úttektinni má segja að staða vel menntaðra knattspyrnuþjálfara á Íslandi sé mjög góð.

Sumarið 2006 höfðu 41,4% allra starfandi þjálfara lokið við KSÍ B (UEFA B) gráðu eða meiri þjálfaramenntun (124 tíma nám). Alls höfðu 17% allra starfandi þjálfara lokið við KSÍ A (UEFA A) gráðu (244 tíma nám).

Sigurður Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóri hefur lokið helmingi UEFA Pro licence þjálfaranáms hjá enska knattspyrnusambandinu, en nám hans þar er mikilvægur liður í skipulagningu og fyrirkomulagi UEFA Pro þjálfaragráðu fyrir þjálfara á Íslandi í framtíðinni. Námskeiðið tekur 1 ár og er áætlað að hann útskrifist í lok júní 2008. Í framhaldi af námi Sigurðar hefur KSÍ freistað þess að koma á auknum tengslum við enska knattspyrnusambandið með von um að geta boðið þjálfurum á Íslandi upp á að ljúka við UEFA Pro þjálfaragráðu í samvinnu við enska sambandið. Líklegt má telja að sú vinna verði ein af aðalverkefnum framtíðarinnar fyrir fræðslunefnd KSÍ.

Nýr starfsmaður í fræðslumálum, Dagur Sveinn Dagbjartsson, tók til starfa 2. janúar og verður Sigurði Ragnari Eyjólfssyni fræðslustjóra til aðstoðar. Fræðslunefnd KSÍ væntir mikils af störfum Dags og býður hann velkominn til starfa. Ráðning hans endurspeglar þann mikla metnað sem KSÍ leggur í þjálfaramenntun og fræðslumál almennt. Með auknum mannafla í fræðslumálum mun KSÍ bæta enn frekar þá þjónustu sem sambandið veitir á vettvangi fræðslumála. Það á ekki aðeins við um þjálfaramenntun heldur er einnig stefnt að aukningu í útgáfumálum ýmis konar, námsframboðs og auk þess að stórauka fræðslu á fræðsluvef KSÍ svo eitthvað sé nefnt.

Námskeiðahald

Góð þátttaka var á þjálfaranámskeiðum KSÍ eins og undanfarin ár. Haldin voru 11 þjálfaranámskeið en um helmingur þeirra fór fram utan höfuðborgarsvæðisins. Á þessi námskeið mættu alls 297 þjálfarar. Óvenju mikil eftirspurn var eftir þjálfaranámskeiðum KSÍ úti á landi, en að sama skapi kom í ljós ákveðin mettun á sumum námskeiðunum í Reykjavík. Þannig þurfti að fella niður KSÍ II og KSÍ VI námskeið sem voru fyrirhuguð og auglýst á árinu vegna ónógrar þátttöku. Það hefur ekki gerst í mörg ár. Gríðarleg þátttaka hefur verið á þjálfaranámskeiðum KSÍ síðastliðin 5-6 ár og til að mynda eru 80 þjálfarar búnir með öll þjálfarastigin 7 sem KSÍ býður upp á auk þeirra 200 þjálfara sem hafa lokið KSÍ B þjálfaragráðunni. Það er mikilvægt að fræðslunefnd KSÍ efni til endurmenntunarnámskeiða strax á næsta ári til að sinna þessum hópi ásamt því að bjóða áfram upp á hin hefðbundnu námskeið eftir eftirspurn.

Bylting varð í aðstöðumálum þjálfaranámskeiða KSÍ á árinu. Bóklegur hluti þjálfaranámskeiðanna fer nú allur fram í hinu nýja fræðslusetri KSÍ og verklegur hluti fer að mestu fram í Knattspyrnuhöllinni Kórnum. Mikil ánægja ríkti á meðal þjálfara sem sóttu námskeiðin okkar með hina stórbættu aðstöðu.

Eins og undanfarin ár bárum við gæfu til þess að hafa mjög hæfa kennara á þjálfaranámskeiðunum okkar, en alls störfuðu 32 þjálfarar og sérfræðingar hjá okkur á þessu ári og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir góð störf. Þessir aðilar eru eftirtaldir:

Ásmundur Haraldsson, Birkir Sveinsson, Bjarni Stefán Konráðsson, Bragi Bergmann, Bjarni Jóhannsson, Eyjólfur Sverrisson, Freyr Sverrisson, Friðrik Ellert Jónsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðlaugur Baldursson, Guðmundur Hreiðarsson, Guðni Kjartansson, Gunnar Örn Gunnarsson, Heimir Hallgrímsson, Hjalti Kristjánsson, Ingi Jónsson, Janus Guðlaugsson, Luka Kostic, Kristinn Jakobsson, Njáll Eiðsson, Ólafur Kristjánsson, Pétur Ólafsson, Sigurbjörn Marinósson, Sigurður Ragnar Eyjólfsson, Sigurður Þórir Þorsteinsson, Skúli Skúlason, Slobodan Milisic, Stefán Stefánsson, Úlfar Hinriksson, Willum Þór Þórsson, Þorlákur Árnason og Örn Ólafsson.

Erlend samskipti

Fulltrúar KSÍ sóttu fjölmargar ráðstefnu á árinu en hér fyrir neðan eru þær helstu:

- Ingibjörg Hinriksdóttir og Ólafur Kristjánsson voru fulltrúar KSÍ á árlegri ráðstefnu knattspyrnusambanda Norðurlandanna sem haldin var í Kaupmannahöfn í Danmörku, 6. - 9. nóvember.
- Sigurður Ragnar Eyjólfsson var fulltrúi KSÍ á UEFA ráðstefnu fræðslustjóra knattspyrnusambandanna í Evrópu, sem haldin var í London, Englandi, 24. - 26. september.

Knattspyrnskóli KSÍ

Knattspyrnskólar drengja og stúlkna fóru að venju fram að Laugarvatni í júní. Hjá drengjunum fór skólinn fram dagana 11. - 15. júní en hann sóttu samtals 43 drengir. Freyr Sverrisson var skólastjóri og honum til aðstoðar Guðjón V. Guðjónsson. Skóli stúlkanna fór fram dagana 18. - 22. júní og sóttu hann 33 stúlkur. Kristrún Lilja Daðadóttir hafði umsjón með stúlkunum og Jón Stefán Jónsson og Sandra Sif Magnúsdóttir voru henni til aðstoðar. Þekktir þjálfarar og leikmenn komu í heimsókn í knattspyrnskólana að vanda.

Lokaorð

Að lokum færi ég samstarfsmönnum mínum í fræðslunefndinni kærar þakkir fyrir samstarfið á árinu, sem hefur verið bæði fróðlegt og ánægjulegt. Sérstakar þakkir færi ég Sigurði Ragnari Eyjólfssyni fræðslustjóra, sem hefur unnið mikið og óeigingjarnt starf í þágu knattspyrnunnar á Íslandi frá því hann kom til starfa hjá KSÍ.


Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður

Þjálfaranámskeið KSÍ árið 2007


26. - 28. janúar	KSÍ III	Reykjavík/Kópavogur	43 þjálfarar
2. febrúar - 2. júní	KSÍ VII	Um allt land	58 þjálfarar
27. - 29. apríl	KSÍ V	Reykjavík	19 þjálfarar
28. - 30. september	KSÍ I	Reykjavík/Kópavogur	25 þjálfarar
5. - 7. október	KSÍ IV	Reykjavík	32 þjálfarar
12. - 14. október	KSÍ I	Reykjavík/Kópavogur	32 þjálfarar
19. - 21. október	KSÍ I	Akureyri	14 þjálfarar
26. - 28. október	KSÍ II	Reykjavík/Kópavogur	27 þjálfarar
9. - 11. nóvember	KSÍ I	Ísafjörður	9 þjálfarar
16. - 18. nóvember	KSÍ I	Reyðarfjörður	18 þjálfarar
23. - 25. nóvember	KSÍ II	Akureyri	20 þjálfarar

Alls 11 námskeið og 297 þjálfarar.

Fjöldi þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið KSÍ á árunum 2000-2007



Fjöldi þjálfaranámskeiða KSÍ á árunum 2000-2007



Skýrsla útbreiðslunefndar

Í útbreiðslunefnd sátu eftirtaldir starfsárið 2007-2008: Jón Gunnlaugsson formaður, Björn Friðþjófsson, Einar Friðþjófsson, Einar Jónsson, Guðmundur Ingvason, Jakob Skúlason, Jón Páll Hreinsson, Jónas Sigurðsson, Ómar B. Stefánsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Sigrún Ríkharðsdóttir, Valdemar Einarsson og Vanda Sigurgeirsdóttir. Halldór Örn Þorsteinsson var starfsmaður nefndarinnar fram í júlí 2007 en þá tók Guðlaugur K. Gunnarsson við starfi Halldórs. Haldnir voru 3 bókaðir og nokkrir óformlegir fundir á árinu. Helstu útbreiðsluverkefni ársins voru sparkvallaátak KSÍ, útbreiðsluverkefni í umsjón Lúkasar Kostic, umsókn um aðild að grasrótarsáttmála UEFA, ásamt smærri verkefnum.

Útbreiðsluáætlun - útbreiðslustefna

Unnið hefur verið að gerð áætlunar um verkefni næstu ára í útbreiðslumálum og grasrótastarfi. Áætlunin var samþykkt á fundi stjórnar KSÍ á árinu og mun markvisst starf hefjast árið 2008. Hér er um metnaðarfullt verkefni að ræða og er það von KSÍ að þessi áætlun verði vísir að einhverju meira í grasrótastarfi í náinni framtíð. Áætlunin er eftirfarandi.

Markmið KSÍ

Að allir fái tækifæri til að taka þátt í leik og starfi innan Knattspyrnusambands Íslands.

Að fjölga iðkendum í knattspyrnu, sér í lagi á svæðum þar sem þátttaka er lítil.

1. Verkefni og leiðir

1.1. Grasrótastarf

Að unnin verði áætlun um útbreiðslu- og grasrótaverkefni. Sett verði markmið og leiðir til að ná þeim. Stefnt verði að því að taka upp samstarf við knattspyrnufélög og sveitarfélög á viðkomandi stöðum um einstök verkefni.

Leiðir

Unnin verði áætlun um grasrótaverkefni með skýr markmið og leiðir í einstaka verkefnum til ársins 2010.

Unnið verði að uppbyggingu sparkvalla í samstarfi við stjórnvöld, sveitarstjórnir og aðra áhugasama aðila.

Teknar verði upp viðræður við knattspyrnufélög og viðkomandi sveitarfélög varðandi uppbyggingu knattspyrnustarfs svo og um önnur verkefni. Áhersla verði lögð á að rjúfa félagslega einangrun og stuðla að hvers konar forvörnum barna og unglinga með þátttöku í knattspyrnu. Knattspyrnumót verði skipulögð í samstarfi KSÍ, sveitarfélaga og skólayfirvalda.

1.2. Námskeiðahald

KSÍ mun efna til fjölbreyttra námskeiða fyrir þá aðila sem sinna grasrótastarfinu og styðja við bakið á rannsóknnum er varða tiltekin málefni og snúa að knattspyrnustarfinu.

Leiðir

Unnið verði að gerð námsgagna og áætlun gerð um námskeiðahald, t.d. vegna dómarastarfa, leiðtogastarfa og fleira með það að markmiði að störf þeirra geti nýst betur til lengri tíma.

1.3. Knattspyrnskólar/mótahald

KSÍ hvetur aðildarfélög til þess að halda úti knattspyrnskóla og mótahaldi fyrir yngstu kynslóðina. KSÍ vinnur að gerð gæðakerfis fyrir knattspyrnskóla.

Leiðir

Vera félögum til ráðgjafar varðandi uppbyggingu knattspyrnskóla og mótahalds.

Úttekt gerð á starfi knattspyrnskólum félaga og viðurkenningar veittar.

1.4. Útbreiðsla

KSÍ vill að grasrótastarfið sé öflugt og skili sér til sem flestra staða víðs vegar um land. Til að auka veg starfsins sem mest verði fenginn aðili sem yrði verndari verkefnisins og jafnframt yrði tilnefndur hópur knattspyrnufólks sem tengist verkefninu með ýmsum hætti.

Leiðir

Verndari verkefnisins yrði talsmaður þess við ýmis tækifæri og kæmi opinberlega fram sem slíkur.

Knattspyrnufólkið sem tengist verkefninu kæmi fram við ýmis tækifæri t.d. við verðlaunaveitingar, starf í knattspyrnskólum félaganna og við önnur tilheyrandi verkefni. Þau gætu einnig verið talsmenn grasrótarkerfnisins.

Fundur UEFA um grasrótastarf

Fundurinn var haldinn í Helsinki í Finnlandi dagana 2. – 5. apríl 2007. Fulltrúar Íslands á fundinum voru Jón Gunnlaugsson formaður útbreiðslunefndar KSÍ og Halldór Þorsteinsson. Á fundinum var fjallað um grasrótastarf í aðildarlöndum UEFA og var hann mjög gagnlegur og nýttist okkur vel í okkar starfi.

Grasrótarsáttmáli UEFA

Í júní kom Robin Russel frá UEFA til að fara yfir umsókn KSÍ að Grasrótarsáttmála UEFA. Fór hann yfir þau gögn sem KSÍ lagði fram með umsókn sinni ásamt því að farið var með hann í skoðunarferð þar sem hann m.a. skoðaði einn knattspyrnskóla og aðstæður hjá félögum. Taldi hann eftir að hafa farið yfir gögn KSÍ að það yrði ekki vandkvæðum bundið að mæla með því að KSÍ yrði samþykkt sem eitt að aðildarlöndunum, og mundi hann mæla með því við sína samstarfsmenn. Í nóvember kom svo tilkynning frá UEFA þar sem sagði að allir aðilar sem fjallað hefðu um umsókn KSÍ mæltu með því að KSÍ fengi samþykki fyrir fyrstu stjórnunni í grasrótarsáttmálanum, en alls er hægt að fá 5 stjórnur í stjórnkerfi Grasrótarsáttmála UEFA.

Ráðstefnur um grasrótarknattspyrnu

Haldin var ráðstefna á Íslandi, þriðja Norræna grasrótarráðstefnan í höfuðstöðvum KSÍ í Laugardal dagana 31. október og 1. nóvember. Helstu umræðuefni voru „Hvernig má fjölga stúlkum í knattspyrnu og minnka brottfall ungra leikmanna, á að einbeita sér að þroska leikmanns/barns frekar en að einblína á úrslit og leiðtogar í knattspyrnu“. Alls komu 15 ráðstefnugestir frá hinum Norðurlöndunum. Norrænu gestunum þótti ráðstefnan mjög vel heppnuð í alla staði.

Dagana 15. – 18. október fór Guðlaugur Gunnarsson á ráðstefnu sem haldin var í Óslo, Noregi um Futsal fyrir blinda og inn í ráðstefnuna var fléttað þálfara- og dómaramámskeiðum í þessari íþróttagrein.

Viðurkenningar fyrir grasrótarviðburði

KA hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir besta grasrótarviðburð ársins 2007 – N1 mótið á Akureyri, sem áður hét Esso mótið og hefur um árabil verið haldið með miklum glæsibrag. Íþróttafélagið Nes í Reykjanesbæ fékk viðurkenningu fyrir grasrótarviðburð ársins hjá fötluðum vegna knattspyrnumóts Special Olympics í Reykjaneshöll. Púkarnir á Ísafirði, sem eru fyrrverandi leikmenn ÍBÍ, fengu viðurkenningu fyrir Púkamótið í eldri flokki, en hagnaður mótsins rennur í sjóð sem ætlað er að styrkja ísfrska knattspyrnu.

Lúkas Kostic við útbreiðslustörf hjá KSÍ

Lúkas Kostic landsliðsþjálfari U17 og U21 karla hélt áfram að sinna útbreiðslustarfi hjá KSÍ á árinu. Hann heimsótti aðildarfélög og þjálfara um land allt og hélt erindi um knattspyrnuþjálfun, ásamt því að vera í ráðgefandi hlutverki og sinna einstaklingsþjálfun.

Ýmis smærri útbreiðsluverkefni árið 2007

Haldnar voru sex æfingar fyrir fatlaða í samstarfi við ÍF í vor og haust. Á haustæfingarnar komu Hermann Hreiðarsson, Grétar Rafn Steinsson, Greta Mjöll Samúelsdóttir og Katrín Jónsdóttir úr A-landsliðum karla og kvenna á æfingarnar og vakti það mikla lukku þátttakendana og foreldra þeirra.

Að lokum

Ársskýrsla KSÍ 2007

Ég vil þakka öllum þeim sem komu að starfi nefndarinnar með einum eða öðrum hætti. Starfsfólki á skrifstofu KSÍ er þakkað samstarf og samvinna á starfsárinu. Sérstakar þakkir fá þeir Guðlaugur Gunnarsson og Halldór Þorsteinsson sem hafa verið starfsmenn nefndarinnar.

Jón Gunnlaugsson, formaður

Knattspyrnuskóli KSÍ - Drengir fæddir 1993

Nafn	Félag
Alex Freyr Hilmarsson	Sindri
Alexander Freyr Sindrason	Haukar
Alexander Hrafn Kjartansson	Álftanes
Andri Már Hermannsson	Fylkir
Arnar Þór Ólafsson	Gróttta
Arnór Ingi Traustason	Njarðvík
Arnór Snær Guðmundsson	Afturelding
Arnpór Ari Atlason	Þróttur R.
Arnpór Hermannsson	Völsungur
Atli Arnarson	Tindastóll
Árni Emil Guðmundsson	Leiknir R.
Bjarni Einarsson	KA
Bjarni Gunnarsson	Fjölnir
Bjartur Guðmundsson	Valur
Björn Sigursteinsson	ÍBV
Bragi Bergmann Ríkharðsson	Þróttur V.
Brynjar Örn Sigurðsson	ÍR
Daníel Gylfason	Keflavík
Emil Pálsson	BÍ
Freyr Brynjarsson	Samherjar
Geir Guðmundsson	Þór
Guðni Brynjólfur Ásgeirsson	KS
Hallur Flosason	ÍA
Helgi Ármannsson	KFR
Héðinn Harðarson	Hrunamenn
Hólmbert Friðjónsson	HK
Hrannar Heimisson	Stjarnan
Hörður Magnússon	Fram
Ingvi Rafn Óskarsson	Selfoss
Jóhann Snæbjörn Traustason	Skallagrímur
Jón Gunnar Sæmundsson	Víðir
Jón Unnar Viktorsson	Grindavík
Kristján Gauti Emilsson	FH
Kristófer Örn Kristjánsson	Höttur
Marteinn Urbancic	KR
Marteinn Þór Pálmason	Þróttur N.
Ólafur Hlynur Illugason	Víkingur Ó.
Pétur Aron Atlason	Austri
Sæþór Ólason	Dalvík
Theodór Guðni Halldórsson	Reynir S.
Tómas Óli Garðarsson	Breiðablik
Viggó Kristjánsson	Gróttta
Viktor Jónsson	Víkingur R.

Knattspyrnuskóli KSÍ - Stúlkur fæddar 1993

Nafn	Félag
Áslaug Rún Magnúsdóttir	ÍR
Ásta Árnadóttir	Breiðablik
Bergrún Jónasdóttir	Álftanes
Birna Aradóttir	Skallagrímur
Brynhildur Ólafsdóttir	Tindastóll
Erna Gunnarsdóttir	Grundarfjörður
Eva Þorsteinsdóttir	Leiftur
Freyja Viðaradóttir	Þróttur N.
Halldóra Birgisdóttir	Afturelding
Harpa Guðnadóttir	Fjölnir
Heiður Heimisdóttir	ÍA
Hekla Mckenzie	KR
Helga Steinarsdóttir	Höttur
Hildigunnur Kristjánsdóttir	HK
Hulda Sigurðardóttir	Leiknir R.
Hörn Heiðarsdóttir	Þróttur R.
Íris Sverrisdóttir	Selfoss
Jóhanna Sigurðardóttir	Leiknir F.
Karen Þorvaldsdóttir	KA
Karitas Ágústsdóttir	KFR
Krístín Sigurðardóttir	Haukur
Lejla Cardaklija	Sindri
Rut Kristjánsdóttir	Fylkir
Sara Helgadóttir	Grindavík
Sigurrós Guðmundsdóttir	Keflavík
Sóley Guðmundsdóttir	ÍBV
Sólveig Aðalsteinsdóttir	Völsungur
Steinunn Aðalsdóttir	KS
Sylvía Sigurgeirsdóttir	Víðir
Thelma Ólafsdóttir	Valur
Valdís Vignisdóttir	Þór
Þórdís Arnardóttir	Stjarnan
Þórhildur Sigþórsdóttir	Reynir S

Skýrsla mannvirkjanefndar

Í mannvirkjanefnd sátu eftirfarandi starfsárið 2007:

Lúðvík S. Georgsson formaður
Jón Runólfsson
Þorbergur Karlsson

Ásthildur Helgadóttir
Kristján Ásgeirsson

Starfsmaður nefndarinnar var Jóhann G. Kristinsson.

Nefndin hélt alls 6 bókaða fundi á starfsárinu.

Helstu verkefni ársins voru eftirfarandi:

Reglugerð um knattspyrnuvelli var endurskoðuð í sambandi við allsherjar endurskoðun á reglugerðum KSÍ. Gerðar voru minni háttar breytingar á henni til lagfæringar og samræmingar. Til að mynda voru færðir í mótareglugerð þættir sem áttu frekar heima þar, og skilgreiningar á knattspyrnugrasi (gervigrasi) uppfærðar að stöðlum FIFA.

Seinni áfanga sparkvallaverkefni KSÍ átti að ljúka á árinu. Byggðir voru 26 sparkvellir á árinu og hafa þá alls verið byggðir 103 sparkvellir með þessu átaki, en vegna óhagstæðrar veðráttu seinni hluta ársins bíða nokkrir vellir til ársins 2008, og er áætlað að heildarfjöldinn nái þar með 110, eða þar um bil. Með því lýkur þessu sérstaka og vel heppnaða verkefni, sem hefur hlotið verðskuldaða athygli, bæði innan knattspyrnuhreyfingarinnar og meðal almennings.

Að venju var farið yfir skráningu knattspyrnumannvirkja og ýtt eftir megni á að úrbætur yrðu gerðar þar sem aðstaðan er ófullnægjandi.

Í febrúar sóttu Lúðvík og Jóhann námsstefnu UEFA í Nyon í Sviss um öryggi og eftirlit á knattspyrnuleikvöngum og fluttu þar erindi um nýframkvæmdir á Laugardalsvelli með áherslu á öryggisþáttinn.

Norræna mannvirkjaráðstefnan var haldin í Borås í Svíþjóð í ágúst. Hana sóttu Lúðvík, Þorbergur og Jón. Þar voru framkvæmdir á Laugardalsvelli einnig kynntar. Athyglisverðast var skoðun og byggingasaga nýja leikvangsins í Borås, þar sem Elfsborg leikur.

Síðasti fundur nefndarinnar var haldinn í Kaupmannahöfn í tengslum við landsleik Dana og Íslendinga. Jafnframt var tækifærið notað að skoða íþróttamannvirkin og sérstaklega knattspyrnuleikvanginn í Farum, þar sem Nordsjælland leikur. Mannvirkjanefnd naut dyggrar aðstoðar nokkurra góðra vina í Danmörku við skipulagningu þessa undir öflugri stjórn fulltrúa síns á staðnum, Jóns Runólfssonar, og er það þakkað hér.

Auk þessara verkefna hefur mannvirkjanefnd KSÍ verið til ráðgjafar ýmsum félögum og sveitarfélögum vegna framkvæmda tengdum knattspyrnumannvirkjum.

Undirritaður vill að lokum þakka samstarfsmönnum í mannvirkjanefnd og starfsfólki KSÍ fyrir mjög gott samstarf á árinu.

Lúðvík S. Georgsson, formaður

Heiðursviðurkenningar KSÍ

Eftirtaldir fengu heiðursviðurkenningu frá KSÍ á árinu:

Viðurkenning	Félag	Nafn
Heiðurskross	Fram	Guðmundur Jónsson
Heiðurskross	Fram	Hannes Þ. Sigurðsson
Heiðurskross	ÍBV	Ásgeir Sigurvínsson
Heiðurskross	KR	Björgólfur Guðmundsson
Heiðurskross	Valur	Eggert Magnússon
Heiðurskross	Valur	Halldór Einarsson (Henson)
Gull		Þorgerður K. Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra
Gull	BÍ	Björn Helgason
Gull	BÍ	Guðmundur Ólafsson
Gull	BÍ	Hansína Einarsdóttir
Gull	BÍ	Jens Kristmannsson
Gull	BÍ	Jóhann Króknes Torfason
Gull	BÍ	Pétur Sigurðsson
Gull	Breiðablik	Þorbergur Karlsson
Gull	FH	Jón Rúnar Halldórsson
Gull	FH	Pétur Stephensen
Gull	Fram	Eiríkur Helgason
Gull	Fram	Gylfi Þór Orrason
Gull	Fram	Jón Steinar Gunnlaugsson
Gull	Fylkir	Björn Ágústsson
Gull	Fylkir	Guðmundur Sigurðsson
Gull	Fylkir	Lúðvík Andreasson
Gull	Fylkir	Tómas Kristinsson
Gull	Grindavík	Gunnlaugur Hreinsson
Gull	Grindavík	Jónas Þórhallsson
Gull	ÍBÍ	Pétur Geir Helgason
Gull	ÍBR	Reynir Ragnarsson
Gull	ÍTR	Ómar Einarsson, sviðsstjóri ÍTR
Gull	KA	Árni Jóhannsson
Gull	KA	Gunnar Gunnarsson
Gull	KA	Kári Árnason
Gull	KA	Magnús Sigurólason
Gull	KA	Skúli Ágústsson
Gull	Keflavík	Guðni Kjartansson
Gull	Keflavík	Rúnar Arnarson
Gull	Kópavogur	Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri
Gull	KR	Bjarni Felixson
Gull	KR	Friðgeir Hallgrímsson
Gull	KR	Guðjón Guðmundsson
Gull	KR	Guðmundur R. Jónsson
Gull	KR	Gunnar Guðmundsson
Gull	KR	Haukur Gunnarsson
Gull	KR	Ingi Jónsson
Gull	KR	Jónas Kristinsson
Gull	KR	Karólína Jónsdóttir
Gull	KR	Sigurður Hannesson
Gull	KSÍ	Einar Jónsson
Gull	Magni	Grétar Guðmundsson
Gull	Reynir Á	Marínó Þorsteinsson

Ársskýrsla KSÍ 2007

Viðurkenning	Félag	Nafn
Gull	Stjarnan	Páll Bragason
Gull	Þór	Magnús Jónatansson
Gull	Þór	Þóroddur Hjaltalín
Gull	Tindastóll	Ómar Bragi Stefánsson
Gull	Tindastóll	Páll Ragnarsson
Gull	Tindastóll	Stefán Guðmundsson
Gull	Tindastóll	Sveinn Guðmundsson
Gull	UMFB	Magnús Ólafs Hansson
Gull	Valur	Grímur Sæmundsen
Gull	Valur	Helgi R. Magnússon
Gull	Valur	Hermann Gunnarsson
Gull	Valur	Þorsteinn Ólafs
Gull	Valur	Valur Benediktsson
Gull	Víkingur R.	Ágúst Ingi Jónsson
Gull	Víkingur R.	Örn Guðmundsson
Gull	Víkingur R.	Róbert Agnarsson
Gull	Völsungur	Garðar Jónasson
Gull	Völsungur	Hafliði Jósteinnsson
Gull	Völsungur	Sören Einarsson
Gull	Völsungur	Sveinn Rúnar Arason
Gull	Völsungur	Þorgrímur Aðalgeirsson
Gull	Völsungur	Þormóður Jónsson
Silfur	Ægir	Sveinn Jónsson
Silfur	Afturelding	Anna Gísladóttir
Silfur	Afturelding	Valdimar Leó Friðriksson
Silfur	Árroðinn	Bragi Bergmann
Silfur	BÍ	Kristján Pálsson
Silfur	Breiðablik	Ásta B. Gunnlaugsdóttir
Silfur	Breiðablik	Atli Þórsson
Silfur	Breiðablik	Ólafur Björnsson
Silfur	Breiðablik	Sigurður Grétarsson
Silfur	Dalvík	Gísli Bjarnason
Silfur	Fjölnir	Jón Þorbjörnsson
Silfur	Fram	Pjetur Sigurðsson
Silfur	Fram	Steinar Þór Guðgeirsson
Silfur	Fylkir	Ámundi Halldórsson
Silfur	Fylkir	Bylgja Björgvinsdóttir
Silfur	Fylkir	Einar Ásgeirsson
Silfur	Fylkir	Guðmann Hauksson
Silfur	Fylkir	Guðmundur J. Jónsson
Silfur	Fylkir	Guðrún Ósk Jakobsdóttir
Silfur	Fylkir	Gunnar Ásgeirsson
Silfur	Fylkir	Hörður Guðjónsson
Silfur	Fylkir	Jakob Halldórsson
Silfur	Fylkir	Jóhanna Ósk Breiðdal
Silfur	Fylkir	Kristján Þórðarson
Silfur	Fylkir	Ólafur Hafsteinsson
Silfur	Fylkir	Örn Hafsteinsson
Silfur	Fylkir	Sigrún Jónsdóttir
Silfur	Fylkir	Sigurður Haraldsson
Silfur	Fylkir	Smári Björgvinsson
Silfur	Fylkir	Þórir Árnason
Silfur	Fylkir	Valdimar Steinþórsson
Silfur	Grindavík	Ingvar Guðjónsson

Ársskýrsla KSÍ 2007

Viðurkenning	Félag	Nafn
Silfur	Gróttá	Egill Már Markússon
Silfur	Haukar	Páll B. Guðmundsson
Silfur	HK	Sigvaldi Einarsson
Silfur	Höttur	Árni Ólason
Silfur	Höttur	Hilmar Gunnlaugsson
Silfur	Huginn	Jóna Mekkín Jónsdóttir
Silfur	Hvöt	Björn Vignir Björnsson
Silfur	ÍA	Sæmundur Víglundsson
Silfur	ÍA	Sigurður Jónsson
Silfur	ÍBV	Viðar Elíasson
Silfur	ÍR	Bragi Björnsson
Silfur	ÍR	Kristján Guðmundsson
Silfur	ÍR	Már Árnason
Silfur	KA	Áskell Þór Gíslason
Silfur	KA	Bjarni Áskelsson
Silfur	KA	Eiríkur Jóhannsson
Silfur	KA	Gunnar Jónsson
Silfur	KA	Gunnar Nielsson
Silfur	KA	Jóhannes Valgeirsson
Silfur	KA	Óskar Þór Halldórsson
Silfur	KA	Pétur Ólafsson
Silfur	KA	Tryggvi Gunnarsson
Silfur	KA	Sigbjörn Gunnarsson
Silfur	KA	Stefán Aðalsteinsson
Silfur	Keflavík	Gísli Jóhannsson
Silfur	Keflavík	Kári Gunnlaugsson
Silfur	Keflavík	Ragnar Örn Pétursson
Silfur	Keflavík	Sigurður Friðjónsson
Silfur	KFR	Viktor Steingrímsson
Silfur	KFS	Hjalti Kristjánsson
Silfur	KR	Helena Ólafsdóttir
Silfur	KR	Kjartan Ólafsson
Silfur	KR	Magnús Ingimundarson
Silfur	KR	Pétur Pétursson
Silfur	KR	Reynir Jónsson
Silfur	KR	Rúnar Kristinsson
Silfur	KR/FH	Gísli Björgvinsson
Silfur	KS	Aðalsteinn Arnarsson
Silfur	KS	Björn Ingimarsson
Silfur	KS	Guðmundur Þorgeirsson
Silfur	KS	Gunnlaugur Vigfússon
Silfur	KS	Sigrún Agnarsdóttir
Silfur	KS	Sveinn Aðalbjörnsson
Silfur	KSÍ	Arnór Guðjohnsen
Silfur	KSÍ	Ásbjörn Jónsson
Silfur	KSÍ	Bjarni Jóhannsson
Silfur	KSÍ	Halldór Frímansson
Silfur	KSÍ	Halldór Halldórsson
Silfur	KSÍ	Logi Ólafsson
Silfur	KSÍ	Luka Kostic
Silfur	KSÍ	Ólafur Þór Guðbjörnsson
Silfur	KSÍ	Sigurður Halldórsson
Silfur	KSÍ	Sigurður Þórir Þorsteinsson
Silfur	KSÍ	Stefán Stefánsson

Ársskýrsla KSÍ 2007

Viðurkenning	Félag	Nafn
Silfur	KSÍ	Sveinbjörn Brandsson
Silfur	Leiknir F.	Magnús Ásgrímsson
Silfur	Magni	Reimar Helgason
Silfur	Magni	Stefán Pálmason
Silfur	Njarðvík	Leifur Gunnlaugsson
Silfur	Reynir Á	Garðar Nielson
Silfur	Reynir Á	Gylfi Baldvinsson
Silfur	Reynir Á	Kristján Sigurðsson
Silfur	Reynir Á	Svanlaugur Þorsteinsson
Silfur	Sindri	Árni Rúnar Þorvaldsson
Silfur	Stjarnan	Bjarni Benediktsson
Silfur	Stjarnan	Eysteinn Haraldsson
Silfur	Stjarnan	Jörundur Áki Sveinsson
Silfur	Stjarnan	Páll Grétarsson
Silfur	Stjarnan	Þórður G Lárusson
Silfur	Þór	Unnsteinn Jónsson
Silfur	Tindastóll	Alexander R Jónsson
Silfur	Tindastóll	Árni Ragnarsson
Silfur	Tindastóll	Ástvaldur Guðmundsson
Silfur	Tindastóll	Birgir Rafnsson
Silfur	Tindastóll	Eyjólfur Sverrisson
Silfur	Tindastóll	Eypór Einarsson
Silfur	Tindastóll	Frímenn Guðbrandsson
Silfur	Tindastóll	Gísli Sigurðsson
Silfur	Tindastóll	Gunnar Flóventsson
Silfur	Tindastóll	Gylfi Geiraldsson
Silfur	Tindastóll	Hörður Ingimarsson
Silfur	Tindastóll	Hrafnhildur Pétursdóttir
Silfur	Tindastóll	Hreinn Jónsson
Silfur	Tindastóll	Jón Helgason
Silfur	Tindastóll	Kristín Gunnarsdóttir
Silfur	Tindastóll	Leifur Ragnarsson
Silfur	Tindastóll	Örn Ragnarsson
Silfur	Tindastóll	Pálmi Sighvatsson
Silfur	Tindastóll	Rúnar Björnsson
Silfur	Tindastóll	Sigurður Ármannsson
Silfur	Tindastóll	Stefán Friðriksson
Silfur	Tindastóll	Stefán Logi Haraldsson
Silfur	Tindastóll	Sveinn Friðvinsson
Silfur	Tindastóll	Þorbergur Jósefsson
Silfur	Tindastóll	Vanda Sigurgeirsdóttir
Silfur	Valur	Börkur Edvardsson
Silfur	Valur	Guðni Bergsson
Silfur	Valur	Ólafur K. Ólafs
Silfur	Valur	Ólafur S. Magnússon
Silfur	Valur	Willum Þór Þórsson
Silfur	Víkingur Ó	Jónas Gestur Jónasson
Silfur	Víkingur R.	Guðmundur H. Pétursson
Silfur	Völsungur	Aðalsteinn Óskarsson
Silfur	Völsungur	Guðbjartur Ellert Jónsson
Silfur	Völsungur	Jón Sigurjónsson
Silfur	Völsungur	Kristján B. Olgeirsson
Silfur	Völsungur	Linda Baldursdóttir
Silfur	Völsungur	Sveinbjörn Sigurðsson

Kætur og úrskurðir

Yfirlit yfir kætur og úrskurði má sjá á vef KSÍ undir

<http://www.ksi.is/log-og-reglugerdir/domasafn/>